

ÁRSSKÝRSLA
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS
2014



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2014

Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520 3700/ Símbref: 520 3727 Tölvupóstur: fme@fme.is

Ritstjórn:

Ragnar Hafliðason
Sigurður G. Valgeirsson

Hönnun & umbrot:

ENNEMM

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Prentun:

Svansprent

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	7
1 Verkefni Fjármálaeftirlitsins	10
1.1 Eftirlitssvið	10
1.2 Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið	11
1.3 Greiningasvið	12
1.4 Rekstrarsvið	14
2 Heilbrigði fjármálamarkaðarins	18
2.1 Lánamarkaður	18
2.2 Verðbréfamarkaður	23
2.3 Lífeyrissjóðir	26
2.4 Verðbréfasjóðir	30
2.5 Vátryggingamarkaður	31
3 Annáll ársins	36
3.1 Helstu atburðir frá maí 2013 til aprílloka 2014	36
3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2013 til aprílloka 2014	43
3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2013 til aprílloka 2014	45
4 Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	46
4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	46
4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	47



Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2014 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. maí 2013 til 30. apríl 2014. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins og ekki síst verkefnum svonefndra eftirlitssviða: vettvangs- og verðbréfaeftirlits, eftirlits og greininga. Fjallað er einnig um stöðu og þróun á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris-, og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði árið 2013. Skýrslan verður birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiriháttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í maí 2014: Halla Sigrún Hjartardóttir, formaður frá 20. desember 2013, Margrét Einarsdóttir, lektor, varaformaður, Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Halldór S. Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Ástríður Jóhannesdóttir, deildarstjóri hjá Þjóðskrá Íslands og Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri í Seðlabanka Íslands.

Á tímabilinu frá 1. maí 2013 til 30. apríl 2014 hefur auk framangreindra setið í stjórn Fjármálaeftirlitsins Aðalsteinn Leifsson, lektor, formaður stjórnar en hann lét af störfum 1. október 2013.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri
Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri

Framkvæmdastjórar sviða

Eftirlitssvið

Halldóra Elín Ólafsdóttir

Upplýsingatæknisvið

Jón Andri Sigurðarson

Greiningasvið

Lilja Rut Kristófersdóttir

Yfirlögfræðingur

Anna Mjöll Karlsdóttir

Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið

Sigurveig Guðmundsdóttir

Mannauðsstjóri

Árni Ragnar Stefánsson

Rekstrarsvið

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir



KILROY

SHOP TAX FREE HERE

MOKKA

TAX FREE HERE

Ávarp forstjóra



Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja í fjármálaþjónustu, svo sem banka, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða, er meiri en gerist um rekstur fyrirtækja almennt. Stjórn og framkvæmdastjórar þessara fyrirtækja bera ábyrgð á viðskiptaákvörðunum sínum og starfsemi, þar með talið áhættutöku og löghlýðni. Stjórnvöld geta ekki í öllum tilvikum komið í veg fyrir að fyrirtæki falli. Hins vegar geta þau stuðlað að auknum viðnámsþrótti fyrirtækjanna og með réttum úrræðum geta þau minnkað eða mildað áhrifin af falli þeirra. Markmiðið með lagalegri umgjörð og eftirliti er að takmarka áhættutöku fyrirtækjanna og draga úr þjögun á fjármálalegum hvötum í því skyni að vernda viðskiptavinum og skattgreiðendum.

Af þessum sökum lítur Fjármálaeftirlitið svo á að skilvirkt eftirlit með áhættu í starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði sé ekki síður mikilvægt en hefðbundið eftirlit með því að eftir lögum og reglum sé farið. Fjármálastofnun getur aldrei haft nógu sterka lausafjárstöðu eða eigið fé ef viðhlítandi áhættustýring er ekki til staðar. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti forgangsraðað verkefnum til að vernda almenning fyrir þeim atburðum sem líkur eru á að hafi mestar afleiðingar. Þá er brýnt að eftirlitið hafi þekkingu og skilning á helstu áhættum í rekstri fjármálastofnana og lagaheimildir til að geta gripið til aðgerða með skipulegum og skilvirkum hætti, bæði til að vernda fjármálastöðugleika og fé skattborgara.

Á alþjóðavettvangi hafa orðið áherslubreytingar í framkvæmd fjármálaeftirlits og hefur Fjármálaeftirlitið verið þátttakandi í því starfi. Í stað þess að horfa eingöngu í baksýnispegilinn er meiri áhersla lögð á að greina vandann fyrir og grípa til viðeigandi ráðstafana með áhættumildandi aðgerðum – áður en verulegt tjón hlýst af fyrir hagkerfið.

Undanfarin ár hefur Fjármálaeftirlitið unnið að sérstökum umbótaverkefnum sem miða að því að styrkja innviði stofnunarinnar. Eitt þeirra er innleiðing á nýjum áherslum í eftirliti, svonefndu áhættumiðuðu eftirliti. Kjarni áhættumiðaðs eftirlits er að ráðstafa mannafla og fjármagni á sem hagkvæmastan hátt í þágu almennings. Þetta felur í sér skipulega nálgun við mat á áhættu sem eftirlitsskyldir aðilar skapa hagkerfinu og viðskiptamönnum sínum lendi rekstur þeirra í vandræðum. Það er meðal annars gert þannig að Fjármálaeftirlitið flokkar eftirlitsskylda aðila eftir fyrirsjáanlegum þjóðhagslegum áhrifum sem hlotist geta af truflun í starfsemi þeirra. Þetta hefur verið nefnt áhrifavægi. Þannig mun áhrifavægisflokkun eftirlitsskylds aðila segja til um framkvæmd eftirlits með honum. Þá felur áhættumiðað eftirlit jafnframt í sér kerfisbundið mat á áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Síðan eru metnar líkur á því að hver þáttur um sig valdi verulegum

truflunum á starfsemi eða rekstrarstöðvun. Ef niðurstaða áhættumats fer út fyrir vikmörk grípur Fjármálaeftirlitið til viðeigandi ráðstafana til að draga úr þeirri áhættu.

Áhættumiðuðu eftirliti má skipta í þrennt: Fyrst má nefna viðbragðseftirlit. Þar er oft um að ræða viðbrögð við þegar þekktum áhættum. Í öðru lagi er fyrirbyggjandi eftirlit þar sem skoðuð eru atriði sem við vitum af fyrri reynslu að geta verið uppspretta að framtíðarvandamálum. Í þriðja lagi er framsýnt eftirlit. Í framsýnu eftirliti verður áherslan lögð á að greina nýjar áður óþekktar áhættur í starfsemi fyrirtækja.

Í öllum framangreindum tilvikum er markmiðið að greina, meta og milda áhættu hjá þeim aðilum sem hafa mest áhrif á fjármálastöðugleika og neytendur. Það þýðir að við þurfum að sætta okkur við að ekki eru allir eftirlitsskyldir aðilar jafnsettir þegar kemur að eftirliti.

Mikilvæg forsenda þess að hægt sé að afstýra tjóni eða lágmarka afleiðingar þess er að löggjöf og stofnanaumgerð þjóni þessum markmiðum sem best. Stigið var mikilvægt skref í þá átt með setningu laga um fjármálastöðugleikaráð sem miðar að því að skjóta traustari stöðum undir greiningu á og viðbrögðum við kerfisáhættu og tryggja í því skyni nauðsynlegan aðgang stjórnvalda að upplýsingum. Á síðustu árum hefur markvisst og ágætt samstarf tekist milli Fjármálaeftirlits og Seðlabanka með áherslu á að greina áhættur á fjármálamarkaði. Stofnun formlegs fjármálastöðugleikaráðs, undir formennsku fjármálaráðherra, er einnig til þess fallin að treysta það starf.

En betur má ef duga skal. Mikilvæga stöð skortir undir þessa stofnanaumgjörð. Sú stöð er varanleg löggjöf um skila- og slitameðferð fyrirtækja á fjármálamarkaði þannig að almenningur eða skattborgarar bíði ekki tjón af falli þeirra. Í þessum efnun hefur athyglin einkum beinst að starfsemi banka. Leitast hefur verið við að tryggja stöðu innstæðueigenda og verja þá fyrir því að tjón sem hlýst af fjárfestingabankastarfsemi flytjist yfir á viðskiptabankastarfsemina ef banki lendir í rekstrarerfiðleikum.

Löggjöf á öðrum sviðum er einnig mikilvæg. Fjármálaeftirlitið hefur að undanfögnu glímt við afleiðingar af falli váttryggingafélagsins European Risk Insurance Company hf. (ERIC). Stjórn Fjármálaeftirlitsins afturkallaði starfsleyfi félagsins þann 12. febrúar síðastliðinn á grundvelli þess að það uppfyllti ekki lögbundið skilyrði um gjaldþol. Í kjölfarið var skipuð þriggja manna skilastjórn yfir félaginu. ERIC var veitt starfsleyfi hér á landi árið 2004 en félagið hefur mestmegnis starfað á breskum markaði og greitt í þarlandan tryggingasjóð váttryggjenda. Mál ERIC hefur beint sjónum okkar að því að hér á landi skortir sjóð sem hefði það hlutverk að gera upp váttryggingaskuldbindingar ógreiðslufærra váttryggingafélaga og tryggja hagsmuni váttryggingataka og váttrygðra.

Ég gerði mál af svipuðum toga að umtalsefni á ársfundi Fjármálaeftirlitsins 2013 en þá benti ég á að rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða landsmanna væri ófullkomin varðandi mál eins og fjárfestingar, áhættustýringu og ábyrgð stjórnenda ef út af löghlýðni væri brugðið. Þetta er sérstakt áhyggjuefni nú á tímum þegar ávaxta þarf sjóðina innan fjármagnshafta með tilheyrandi hættu á bólumyndun.

Við fjöllum um heilbrigði fjármálamarkaðarins í þessari ársskýrslu. Meðal þess sem kemur fram er að heildareignir lánastofnana í árslok 2013 námu samtals 4.141 milljarði króna. Þar af námu heildareignir viðskiptabankanna 3.016 milljörðum og hafa lítið breyst frá fyrra ári. Eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja nam í árslok 2013 samtals 595 milljörðum króna samanborið við 550 milljarða í árslok 2012 og hefur hann því hækkað um rúmlega 8% milli ára. Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta nam tæpum 64 milljörðum króna árið 2013 samanborið við 66 milljarða árið 2012.

Enduruppbygging íslenska hlutabréfamarkaðarins hélt áfram árið 2013. Þrjú félög bættust við aðallista Kauphallarinnar og velta með hlutbréf nær þrefaldaðist milli ára, fór úr 88,5 milljörðum króna árið 2012 í ríflega 251 milljarð árið 2013. Velta með skuldabréf dróst saman annað árið í röð. Hún fór úr 2.323 milljörðum árið 2012 í 1.822 milljarða króna á árinu 2013. Markaðsvirði skráðra félaga á aðallista Kauphallarinnar nam samtals rúmlega 534 milljörðum króna við árslok

2013 samanborið við 363 milljarða í upphafi árs. Hækkunin nemur 47,1% og skýrist af tilkomu nýrra félaga og gengishækkunum en dæmi voru um að einstaka félög hefðu ríflega tvöfaldast að markaðsvirði á árinu.

Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar jókst umtalsvert árið 2013 miðað við bráðabirgðatölur eða um nærri 260 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að í árslok 2013 hafi heildareignir numið um það bil 2.800 milljörðum króna. Áætlað er að skipting þessara eigna sé 2.400 milljarðar hjá samtryggingadeildum lífeyrissjóða, 260 milljarðar hjá séreignarsparnaði þeirra og um það bil 150 milljarðar hjá öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Nokkuð hefur dregið úr vexti séreignarsparnaðar vegna útgreiðslna á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum sem framlengt hefur verið árlega frá árinu 2009.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða námu samtals rúmlega 350 milljörðum króna í árslok 2013 og höfðu aukist um 28 milljarða króna á árinu, eða um 8%. Heildareignir fagfjárfestarsjóða námu samtals rúmlega 300 milljörðum króna en hrein eign þeirra nam 141 milljarði króna.

Samanlagðar eignir allra váttryggingafélaga hér á landi í árslok 2013 voru 163 milljarðar króna. Hækkuðu þær um 10 milljarða frá fyrra ári. Mikil aukning hefur orðið í hlutabréfaeign félaganna en hlutdeild þeirra í eignasafni fór úr 12% í 29% á árinu 2013. Hlutdeild skuldabréfa í eignasafni lækkaði á sama tíma úr 48% í 33%. Minni hagnaður var af rekstri skaðatryggingafélaga á árinu 2013 en á árinu áður. Á það bæði við um váttryggingarekstur og fjármálarekstur. Afkoman telst þó góð í sögulegu samhengi. Stöðugleiki hefur einkennt rekstur líftryggingafélaga undanfarin ár. Hagnaður þeirra hefur lítilliga aukist á milli ára og má rekja þá aukningu til aukins hagnaðar af fjármálarekstri. Hagnaður af líftryggingarekstri heldur áfram að dragast saman.

Ákveðinn stöðugleiki einkennir fjármálakerfið um þessar mundir. Við vitum þó að úr ýmsum áttum er þrýstingur á að það taki breytingum. Fjármagnshöftin setja starfsemi skordur, eignarhald stóru viðskiptabankanna er enn með bráðabirgðafyrirkomulagi, óvissa er um áhrif af slitum fallinna fjármálafyrirtækja, framtíðarskuldbindingar lífeyrissjóðanna eru meiri en eignir þeirra og miklar áskoranir hljóttast af hlutfallslegri stærð þeirra í þjóðarbúinu.

Um þessar mundir er unnið markvisst að því að treysta umgjörðina til að stuðla að fjármála-stöðugleika að alþjóðlegum fyrirmyndum, þ.á m. vegna þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Þessu fylgir ótrúlegur fjöldi nýrra reglna sem óhjákvæmilega íþyngir starfsemi banka og annarra eftirlitsskyldra aðila og hefur þar með áhrif á virkni þeirra. Ein af mörgum áskorunum framundan er að vinna að því að íslensk lagaumgjörð standist alþjóðlegar kröfur og viðmið á sama tíma og tekið verði tillit til smæðar fyrirtækjanna og stjórnsýslunnar. Þá er jafnframt áhyggjuefni að margar og flóknar íþyngjandi reglur ýti meira en góðu hófi gegnir undir skuggabankastarfsemi. Vandséð er hvernig íslenskt fjármálakerfi getur áunnið sér nauðsynlegt traust að nýju nema íslensk stjórnvöld hafi metnað og úthald til að byggja umgjörðina upp í samræmi við bestu viðmið hvers tíma.

1. Verkefni Fjármálaeftirlitsins

1.1 Eftirlitssvið

Eftirlitssvið er stærsta svið Fjármálaeftirlitsins en starfsemi sviðsins lýtur að reglubundnu eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum. Í því felst m.a. mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, greining á gögnum varðandi fjárhagsstöðu einstakra eftirlitsskyldra aðila, afgreiðsla starfsleyfa og tilkynninga um virka eignarhluti og eftirlit með að eftirlitsskyldir aðilar starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Sviðið skiptist í *fjárhagslegt eftirlit*, *lagalegt eftirlit* og *sértæk lagaleg málefni*.

Fjárhagslegt eftirlit

Meðal verkefna *fjárhagslegs eftirlits* á tímabilinu sem skýrslan nær til voru sértækar athuganir sem beindust að grunnupplýsingum í eiginfjárskýrslum (COREP), upplýsingum á heimasíðum rekstrarfélaga verðbréfasjóða og sundurliðun fjárfestinga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. *Fjárhagslega eftirlitið* kom að könnunar- og matsferli, SREP (Supervisory Review and Evaluation Process) hjá viðskiptaböndkunum, sex sparissjóðum og tveimur verðbréfafyrirtækjum. Í SREP ferlinu leggur Fjármálaeftirlitið meðal annars mat á eiginfjárpörf með hliðsjón af áhættusamsetningu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Um síðustu áramót var ábyrgð á framkvæmd SREP ferlisins færð til eftirlitssviðs. Á árinu var afgreidd heimild til Landsbankans hf. til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Undir fjárhagslegt eftirlit fellur einnig úrvinnsla tengd tímabundnu eignarhaldi fjármálafyrirtækja í fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálastarfsemi og eftirfylgni með að bankar losi sig við eignarhald í slíkum fyrirtækjum. Framkvæmdar voru átta sértækar útlána- og fjárfestingarathuganir hjá lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum, athugun á áhættustýringu allra lífeyrissjóða, athugun á útivistunarsamningum líftryggingafélaga og athugun á innri endurskoðun þriggja stærstu váttryggingafélaganna. *Fjárhagslegt eftirlit* hefur ásamt *lagalegu eftirliti* unnið að athugun á fjárfestingum lífeyrissjóða í fagfjárfestingsjóðum en þær hafa farið vaxandi að undanförunu. Þá voru yfirfarnar fundargerðir stjórna lífeyrissjóða, váttryggingafélaga, verðbréfafyrirtækja og rekstrarfélaga.

Lagalegt eftirlit

Meðal verkefna *lagalegs eftirlits* var veiting innheimtuleyfis til Inkasso ehf. og veiting samþykkis fyrir samruna Sparissjóðs Svarfdæla við Sparissjóð Norðurlands ses. og samruna Auðar Capital hf. við Virðingu hf. Starfsleyfi European Risk Insurance Company hf. (ERIC) var afturkallað þar sem félagið fullnægði ekki ákvæðum laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi um gjaldþol og hafði afsalað sér starfsleyfi sínu. Starfsleyfi Landsvaka ehf. var afturkallað þar sem félagið hafði hætt starfsemi og afsalað sér starfsleyfi sínu. Þá samþykkti Fjármálaeftirlitið afsal á starfsleyfi Negotium hf.

Framkvæmdar voru sértækar athuganir á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá öllum viðskiptaböndkunum og fjórum lánafyrirtækjum. Innheimtustarfsemi Dróma hf. var tekin til athugunar og var niðurstaða þeirrar athugunar að félagið hefði stundað innheimtu í andstöðu við innheimtulög. Þá átti sér stað sérstök athugun á allmörgum félögum í því skyni að kanna hvort þau stunduðu leyfisskylda starfsemi án leyfis. Fjármálaeftirlitið hefur í nokkrum tilvikum á tímabilinu þurft að beita sér fyrir því að stjórnarmenn eftirlitsskyldra aðila vikju sæti þar sem þeir uppfylltu ekki hæfiskröfur laga.

Sértæk lagaleg málefni

Meðal verkefna *sértækra lagalegra málefna* var að vinna að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og að leiðbeinandi tilmælum um sama efni. Einnig var unnið að reglum um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, reglum um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga og reglum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Framangreindar reglur hafa verið gefnar út af Fjármálaeftirlitinu. *Sértæk lagaleg málefni* tóku

einnig þátt í setningu tveggja reglugerða um almennt útboð verðbréfa auk tveggja reglugerða sem varða nánari upplýsingagjöf fyrir fjárfesta sem fjárfesta í verðbréfasjóðum og stöðluðum tilkynningum þeirra. Unnið var að leiðbeinandi tilmælum um mat á tengslum aðila vegna reglna um stórar áhættuskuldbindingar og endurskoðun á tilmælum um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Unnið var enn fremur að níu umræðuskjölum sem varða reglur og tilmæli sem gefin hafa verið út af Fjármálaeftirlitinu.

Meðal sértækra athugana má nefna athugun á hvernig líftryggingafélög rækja upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga, athugun á þjónustuþættinum STOFN hjá Sjóvá, athugun á starfsháttum Dróma við afturköllun endurútreiknings og afléttingu veðbanda og athugun á viðskiptaháttum Lýsingar hf. *Sértæk lagaleg* málefni hafa heildaryfirsýn yfir öll verkefni, sem tengjast setningu reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins og halda yfirlit yfir allar tilskipanir og reglugerðir útgefnar á fjármálamarkaði Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Tilmæli evrópskra eftirlitsstofnana hafa einnig verið kortlögð ásamt svokölluðum tæknistöðlum sem þarf að innleiða. Sem dæmi um einstakar gerðir sem innleiða þarf á næstu árum má nefna CRD IV, Solvency II, AIFMD, EMIR og reglugerð um skortsölu. Fjármálaeftirlitið hefur hlutverki að gegna í innleiðingu EES-gerða í íslensk lög og á fulltrúa í nefndum á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem vinnur að innleiðingu framangreindra gerða auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnunin setji fjölda reglna á grundvelli þeirra laga.

Fjármálaeftirlitið lætur sig málefni neytenda á fjármálamarkaði varða. Í því skyni fylgjast starfsmenn *sértækra lagalegra málefna* með starfsemi neytendaverndarnefnda hjá eftirlitsstofnunum í Evrópu, vakta þjóðfélagsumræðu um hagsmuni neytenda ásamt því að taka við ábendingum og fyrirspurnum neytenda. Tekið er við ábendingum og fyrirspurnum bæði með tölvupósti og í gegnum neytendasíma sem opinn er tvisvar í viku. Þær leiða iðulega til þess að framkvæmdar eru bæði sértækar og almennar úttektir á einstökum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Slíkar úttektir geta endað með ýmsu móti, t.d. athugasemdum eftirlitsins, kröfu um úrbætur eða stjórnvaldssektum ef um meiriháttar vankanta á viðskiptaháttum er að ræða. Á árinu 2013 bárust samtals 264 fyrirspurnir og ábendingar frá neytendum á öllum mörkuðum til Fjármálaeftirlitsins. Þess má geta að fyrir héraðsdómi Reykjavíkur er nú rekið dómsmál þar sem eftirlitsskyldur aðili stefndi Fjármálaeftirlitinu til ógildingar ákvörðunar sem varðar hagsmuni neytenda á fjármálamarkaði.

1.2 Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið

Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið skiptist í *vettvangseftirlit*, *verðbréfamarkaðseftirlit* og *rannsóknir*.

Vettvangseftirlit

Hlutverk *vettvangseftirlits* felst í athugunum á starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Þær athuganir sem *vettvangseftirlitið* framkvæmir geta beinst að hvaða þætti í starfsemi eftirlitsskylds aðila sem er. Vettvangsathugunum Fjármálaeftirlitsins má skipta í þrennt: sértækar athuganir þar sem athugun beinist að ákveðnum þáttum í starfsemi eftirlitsskylds aðila, heildarathugun þar sem athugun beinist að heildarstarfsemi eftirlitsskylds aðila og þemaathuganir þar sem athugunin beinist að ákveðnum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Dæmi um vettvangsathuganir á síðastliðnu ári er heildarathugun hjá lífeyrissjóði og rekstrarfélagi, athugun á útlánasafni banka og þemaathugun er varðaði áhættustýringu váttryggingafélaga. Niðurstöður vettvangsathugana eru almennt birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins í formi gagnsæistilkynninga.

Verðbréfamarkaðseftirlit

Hlutverk *verðbréfamarkaðseftirlits* er að hafa eftirlit með viðskiptum og starfsemi á verðbréfamarkaði. Verkefni *verðbréfamarkaðseftirlits* felast meðal annars í að fylgjast með fjárfestavernd, yfirtökuskyldu,

markaðsmisnotkun, innherjasvikum, meðferð innherjaupplýsinga, yfirferð og staðfestingu lýsinga útgefenda og að útgefendur fullnægi upplýsingaskyldu sinni. Skráningum fjármálagerna á skipulegum verðbréfamarkaði hefur fjölgað töluvert á undanförunum misserum. Það hefur þýtt aukna vinnu við yfirferð og staðfestingu lýsinga. Fjármálaeftirlitið hefur undanfarið ár beitt stjórnvaldssektum og gert sátt við aðila vegna lögbrota á verðbréfamarkaði. Brotin varða m.a. flöggunarskyldu, tilkynningarskyldu vegna viðskipta innherja og birtingu innherjaupplýsinga.

Rannsóknir

Fjármálaeftirlitinu ber samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfavíðskipti og váttryggingafélög að sinna frumrannsóknum er varða meint brot á framangreindum lögum. *Rannsóknir* bera hitann og þungann af því verkefni. Þegar rannsókn leiðir í ljós rökstuddan grun um brot á sérlögum sem heyra undir Fjármálaeftirlitið er máli annað hvort vísað til frekari rannsókna hjá embætti sérstaks saksóknara eða það fer í stjórnslusektarferli og fer það eftir því hversu viðamikil meint brot eru. Hluti af verkefnum rannsókna er jafnframt að sinna eftirmálum rannsókna á málum er tengjast hrúni fjármálamarkaðarins.

1.3 Greiningasvið

Hlutverk *greiningasviðs* er að greina helstu áhættuþætti einstakra geira fjármálamarkaðar, ásamt því að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamörkuðum. Meðal verkefna greiningasviðs er að veita upplýsingar út á við um áhættu og ástand markaða og gera tillögur um breytingar á lögum og móta reglur og leiðbeinandi tilmæli er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði. Þá mótast sviðið einnig aðferðafræði varðandi áherslur í eftirliti út frá áhættumati.

Greiningasvið hefur verið þátttakandi í SREP ferli fyrir fjármálafyrirtæki sem hefur það að markmiði að ákveða hversu mikið eigið fé fyrirtækin þurfa að binda til að mæta áhættum sínum og hvaða úrbætur er farið fram á í starfsemi þeirra. Í samstarfi við eftirlits- og vettvangssvið hefur *greiningasvið* framkvæmt SREP úttektir fyrir viðskiptabankana fjóra, sparisjóði og Íbúðalánasjóð. Þá eru gerðar fjölmargar sértækar greiningar á ýmsum þáttum og atriðum fjármálamarkaðar. *Greiningasvið* framkvæmdi athugun á útlánasafni eins af viðskiptabönkunum og var hún sambærileg við athuganir sem áður hafa verið gerðar á öðrum viðskiptabönkum.

Greiningasvið kemur að ýmis konar vinnu vegna evrópsku CRD IV/CRR tilskipunar og reglugerðar Evrópusambandsins sem felur í sér innleiðingu á alþjóðlega Basel III staðlinum um eiginfjárkröfur og lausafjárkröfur fjármálafyrirtækja. Á meðal breytinga sem fylgja munu CRD IV/CRR eru endurskilgreining eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækja til að auka gæði eigin fjár, auknar kröfur um magn eigin fjár með tilkomu eiginfjárauka, lausafjármálefni, samræmd evrópsk skýrsluskil og fjöldi afleiddra gerða um einstaka áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja. Vinnan hefur meðal annars falist í aðkomu að gerð frumvarps sem innleiðir CRD IV tilskipunina, rýnivinnu, yfirlestur á þýðingum þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytis og yfirferð tæknistaðla. CRD IV/CRR tók gildi í aðildarríkjum Evrópusambandsins 1. janúar 2014 en unnið er eftir þeirri áætlun að umræddar EES-gerðir verði lögfestar hér á landi 1. janúar 2015.

Greiningasvið vann að innleiðingu lausafjárviðmiða og lausafjárskýrslu í nánú samstarfi við Seðlabanka Íslands. Í nóvember 2013 gaf Seðlabankinn út nýjar reglur um lausafjármál, með gildistöku 1. desember 2013, sem taka mið af framangreindu. Nýjar lausafjárreglur og lausafjárviðmið byggja í meginatriðum á alþjóðlegri fyrirmynd Basel nefndarinnar um bankaeftirlit. Ganga þau út á að lánaþyrirtæki hafi yfir að ráða stofni hágæða lausafjäreigna og geti staðið við allar skuldbindingar sínar næstu 30 almanaksdaga án aðgengis að nýju fjármagni og við verulegt álag á markaði. Unnið er að innleiðingu reglna um stöðuga fjármögnun til lengri tíma (e. NSFR) í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

Greiningasviðið vinnur að undirbúningi að innleiðingu Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins sem mun gjörbreyta starfsumhverfi váttryggingafélaga. Á undanförunum misserum hefur

ríkt óvissa um gildistöku Solvency II tilskipunarinnar fyrir váttryggingamarkaði, vegna ágreinings innan ESB um meðhöndlun váttrygginga sem fela í sér langtímaábyrgð á ávöxtun (e. long term guarantees). Í nóvember 2013 leystist úr þeim ágreiningi með samkomulagi á milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins um gildistöku 1. janúar 2016, sem er tveimur árum seinna en áður var gert ráð fyrir. Miðað er við að aðildarríkin hafi innleitt tilskipunina fyrir 31. mars 2015 og fer Fjármálaeftirlitið fyrir nefnd sem vinnur að innleiðingu hennar í frumvarpi til nýrra laga um váttryggingastarfsemi.

Áhættumiðað eftirlit eða „risk based supervision“, sem *greiningasvið* vinnur nú að innleiðingu á, er eftirlitsframkvæmd þar sem eftirlitsskyldir aðilar eru flokkaðir eftir áhrifavægi og helstu áhættur í rekstri þeirra metnar með kerfisbundnum hætti. Áhættumiðað eftirlit byggir á að eftirliti er forgangsraðað á þeim sviðum þar sem áhætta er mikil og mögulegar afleiðingar áfalla eru miklar.

Greiningasviðið hefur leitt viðræður varðandi aukin og markvissari samskipti milli endurskoðenda og Fjármálaeftirlitsins, meðal annars um málefni tengd reikningsskilareglum. Þá hefur verið unnið að mótun ýmissa reglna og má þar nefna reglur um framkvæmd áhættustýringar, reglur um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, reglur um fjármálafyrirtæki, reglur um verðbréfun og reglur um áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Greiningasvið tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi, þ. á m. norrænu samstarfi fjármálaeftirlita og samstarfi við fjölmargar alþjóðlegar stofnanir. Einnig tekur sviðið á móti fulltrúum erlendra eftirlitsstofnana og matsfyrirtækja sem heimsækja stofnunina í tengslum við upplýsingaöflun um stöðu og horfur á fjármálamarkaði hér á landi.

Greiningasvið hefur umsjón með framkvæmd á þeim þáttum samstarfssamnings Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands sem varða fjármálastöðugleika. Markmið hans er að stuðla að heilbrigðu, virku og öruggu fjármálakerfi í landinu, þ.m.t. greiðslu- og uppgjörskerfum. Fyrsti sameiginlegi fjármálastöðugleikafundur aðila samkvæmt samstarfssamningnum var haldinn vorið 2011. Að jafnaði hittast forstjóri Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóri, ásamt helstu sérfræðingum beggja stofnana, tvisvar á ári í tengslum við fjármálastöðugleikafundi, auk annarra funda. Markmið fjármálastöðugleikafundanna er að leggja mat á umfang kerfisáhættu í íslenska fjármálakerfinu. Í tengslum við þessa samvinnu aðila eru starfandi áhættumatshópar varðandi greiningu og mat á kerfisáhættu, útlánaáhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu, markaðsáhættu og fjármálainnviði. Helstu niðurstöður fjármálastöðugleikafundanna eru síðan kynntar fulltrúum ríkisstjórnarinnar.

Seint á árinu 2013 lagði *greiningasviðið* í samstarfi við Seðlabanka Íslands samræmt álagspróf fyrir viðskiptabankana fjóra og Íbúðalánasjóð þar sem m. a. voru metin áhrif skyndilegs afnáms fjármagnshafta. Unnið er að úrvinnslu gagna úr umræddu álagsprófi í áframhaldandi samstarfi milli aðila.

Áhættumiðað eftirlit

Undanfarin ár hefur verið unnið að sérstökum umbótaverkefnum sem miða að því að styrkja innviði Fjármálaeftirlitsins. Eitt þeirra er innleiðing á áhættumiðuðu eftirliti (e. Risk based supervision). Kjarni þess er að beita mannafla og fjármagni sem er til ráðstöfunar hverju sinni á sem hagkvæmastan hátt í þágu neytenda og íslenska hagkerfisins. Þetta felur í sér markvissari nálgun en áður við mat á áhættu á eftirlitsskyldum aðilum á grundvelli þeirra áhrifa sem þeir hafa á hagkerfið og neytendur ef þeir lenda í vandræðum í rekstri eða önnur truflun verður á starfseminni.

Grunnstöð áhættumiðaðs eftirlits er áhrifavægi. Eftirlitsskyldum aðilum er raðað í flokka eftir áhrifavægi sem byggir á mati á því hvaða afleiðingar rekstrarstöðvun viðkomandi eftirlitsskylds aðila hefði varðandi fjármálastöðugleika og hagsmuni viðskiptavina. Umfang eftirlits með viðkomandi aðila ræðst af áhrifavægisflokkun. Áhættumiðað eftirlit felur jafnframt í sér kerfisbundið mat á áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og líkum á að viðkomandi þáttur valdi verulegum truflunum á starfsemi eða rekstrarstöðvun. Þannig er áhættumat hluti af áhættumiðuðu eftirliti.

Ef niðurstaða þess fer út fyrir vikmörk grípur Fjármálaeftirlitið til viðeigandi ráðstafana til að draga úr þeirri áhættu.

Nálgun Fjármálaeftirlitsins er byggð á þeirri grundvallarforsendu að það er á ábyrgð stjórnar og stjórnenda eftirlitsskylds aðila að starfað sé í samræmi við góða stjórnarhætti, að tryggja rekstrarhæfi og að viðeigandi stýring á áhættu sé til staðar. Í þessu samhengi er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að veita stjórn og starfsmönnum eftirlitsskyldra aðila aðhald og móta umhverfi, byggt á öflugum lagamma, reglum og leiðbeinandi tilmælum, sem stuðlar að góðum stjórnarháttum og miðar að því að tryggja að áhættusækni sé innan eðlilegra marka og að áhætta sé vel skilgreind og henni vel stjórnað.

1.4 Rekstrarsvið

Rekstrarsvið hefur umsjón með fjármálum, rekstri, gæða- og öryggisstjórnun, upplýsinga- og skjalastjórnun auk almenns skrifstofureksturs. Þá hefur *rekstrarsvið* umsjón með tveimur úrskurðarnefndum sem Fjármálaeftirlitið vistar.

Rekstrarsviðið ber meðal annars ábyrgð á áætlunar- og fjárlagagerð fyrir rekstur stofnunarinnar, fjármálastjórn og kostnaðareftirliti og annast færslu fjárhags- og launabókhalds, innheimtu og gerð ársreiknings. Þá annast sviðið innleiðingu og mótun verklags stofnunarinnar og hefur umsjón með öryggismálum í víðasta skilningi þess hugtaks. Mótun og þróun upplýsinga- og skjalavistunar er einnig á ábyrgð sviðsins.

Meginhlutverk *rekstrarsviðs* er að styðja við önnur svið stofnunarinnar og leggja til aðferðafræði og umgjörð er lýtur að ofangreindum atriðum með skilvirkni í rekstri að leiðarljósi.

Undanfarin misseri hefur utanumhald um fjármál stofnunarinnar breyst á þann veg að ábyrgð hefur í auknum mæli verið færð til framkvæmdastjóra sviða á sama tíma og bókhaldskerfi ríkisins Orri hefur verið tekið í gagnið. Þá hefur verið tekið upp rafrænt samþykktarferli og unnið að innleiðingu á móttöku rafrænna reikninga. Í ársbyrjun 2014 var gengið til samstarfs við Fjársýslu ríkisins um bókhalds- og greiðsluþjónustu. Er í því fólgin hagræðing í starfsemi sviðsins og einnig mikið öryggi og gagnsæi í rekstri stofnunarinnar.

Eitt af umbótaverkefnum Fjármálaeftirlitsins, sem greint hefur verið frá í skýrslum með rekstraráætlunum undanfarinna ára, er uppbygging á upplýsinga- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar en það var m.a. gagnrýnt í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Þegar ljóst var að ekki yrði af IPA styrk Evrópusambandsins til Fjármálaeftirlitsins var ákveðið að breyta áherslum og uppfæra núverandi kerfi. Unnið hefur því verið að uppfærslu á kerfinu og samhliða því breytingum á verklagi.

Annað umbótaverkefni stofnunarinnar lýtur að mótun innleiðingar á skipulagi og verklagi í starfsemi stofnunarinnar sem og eftirfylgni. Unnið hefur verið markvisst að því að skrásetja verklag og innleiða verkferla og er þeirri vinnu nú að miklu leyti lokið.

Unnið hefur verið að nánari skilgreiningum á markmiðum og mælikvörðum stofnunarinnar. Markmiðin byggja á sviðsmyndum sem útbúnar hafa verið og lýsa framtíðarsýn stjórnenda. Sviðsmyndirnar lúta að stjórnun, verklagi, gagnasöfnun, upplýsingamiðlun, eftirliti og trausti.

Úrskurðarnefndir

Fjöldi mála sem fór fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki á árinu 2013 var 107 samanborið við 202 mál á árinu 2012. Er því um verulega fækkun mála að ræða, en árið 2012 voru þau fleiri en nokkru sinni áður. Fjöldi mála á árinu 2013 var þó langt yfir meðaltali undanfarinna ára. Það sem af er árinu 2014 hefur málum fjölgað á ný, mest vegna lagabreytinga og fyrningarfrests

á gengislánum. Fram til ársins 2009 var meðalfjöldi mála á ári um 21.

Mál sem fóru fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum árið 2013 voru rúmlega 400, en fækkaði aðeins milli ára. Fram til ársins 2009 var meðalfjöldi mála á ári 265.

Umsjón og utanumhald úrskurðarnefndanna og samskipti við fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög er nú með rafrænum hætti og er framkvæmdin því mun auðveldari en áður og hefur mikill kostnaður sparast í ljósritun og póstsendingum.

Þriðjungur starfsmanna með samgöngusamning

Fjármálaeftirlitið innleiddi samgöngustefnu í júní 2013 með það að markmiði að sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að því að starfsmenn notuðu vistvænan og hagkvæman ferðamáta í ferðum sínum til og frá vinnu og á fundi utan vinnustaðarins.

Í framhaldinu var starfsmönnum boðið að skrifa undir samgöngusamning þar sem þeir skuldbundu sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti í að jafnaði 60% tilvika. Óhætt er að segja að viðtökur starfsmanna hafi verið góðar. Strax fyrsta sólarhringinn höfðu tæplega tuttugu starfsmenn skrifað undir samgöngusamning. Í lok apríl 2014 voru 41 með virkan samning eða um þriðjungur starfsmanna.

Skipting ráðstöfunartíma

Skráning vinnustunda er tengd verkbókhaldi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar úr skráningunni eru meðal annars nýttar við árlegar áætlanir um skiptingu rekstrarkostnaðar stofnunarinnar milli flokka eftirlitsskyldra aðila eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting ráðstöfunartíma á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2012 og 2013:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila *)	2012 %	2013 %
Lánastofnanir	56,7	55,0
Váttryggingafélög og váttryggingamiðlarar	8,1	12,8
Lífeyrissjóðir	18,8	14,4
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	8,5	6,9
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	3,6	3,5
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	2,6	4,5
Ýmsir aðilar	1,7	2,9
	100,0	100,0

*) Vinna við rannsóknir á föllum fjármálafyrirtækjum, sem lauk í febrúar 2013, er ekki meðtalin í þessari flokkun.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig greiningu starfseminnar í tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík greining ráðstöfunartímans á árunum 2012 og 2013 er eftirfarandi:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2012 %	2013 %
Eftirlitsverkefni	64,8	59,7
<i>viðvarandi fjárhagslegt eftirlit (e. off-site)</i>	22,2	26,1
<i>vettvangsathuganir (e. on-site)</i>	8,1	9,0
<i>önnur eftirlitsmál</i>	34,5	24,6
Reglusetning	4,1	4,4
Almennur rekstur	29,3	32,2
Erlent samstarf/samskipti	1,8	3,7
	100,0	100,0

Með viðvarandi fjárhagslegu eftirliti í töflunni er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt m.a á grundvelli reglubundinnar upplýsingasöfnunar eða skýrsluskila til Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur ýmsar sértækar athuganir á starfsemi, viðskiptaháttum og starfsreglum eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við vettvangsathuganir á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila. Með öðrum eftirlitsmálum er átt við ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, viðurlagamál, upplýsingamiðlun, fyrirspurnir og fleira og þar undir fellur einnig vinna við rannsóknir sem tengjast bankahruninu, sem lauk í febrúar 2013. Með almennum rekstri er átt við vinnu við mála- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, stjórnun, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

Rekstur 2013 og áætlun 2014

Samkvæmt ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013 námu rekstrargjöld að meðtöldum eignakaupum á árinu alls 1.888,1 m.kr. og heildartekjur að meðtöldum fjármunatekjum námu alls 1.824,7 m.kr. en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.751,6 m.kr. Samkvæmt framangreindu varð því 63,4 m.kr. halli á rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2013. Eigið fé í árslok 2013 nam 559,5 m.kr. en var í ársbyrjun 622,9 m.kr. Eigið fé í lok árs að frádregnum varasjóði, sem nemur að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs, kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Á síðustu árum hefur rekstrarkostnaður stofnunarinnar verið nokkuð lægri en áætlanir hafa gert ráð fyrir og því hefur safnast upp eigið fé umfram lögbundinn varasjóð. Til að mæta kröfum um lækkun eigin fjár hefur eftirlitsgjald eftirlitsskyldra aðila verið lækkað tvö ár í röð og stofnunin þannig rekin með rekstrarhalla með það að markmiði að lækka eigið fé niður í það sem lög kveða á um.

Samkvæmt rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2014, sem send var fjármála- og efnahagsráðherra í júní 2013, eru heildargjöld ársins 2014 áætluð 2.022,9 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 1.634,4 m.kr. til almenns rekstrar Fjármálaeftirlitsins á árinu og þar af 1.581,4 m.kr. fjármögnun af eftirlitsgjaldi eða 9,7% lækkun milli ára. Gert er ráð fyrir að rekstrarhalli nemi þannig 388,5 m.kr. og eigið fé lækki í 171 m.kr. Stefnt er að því í rekstraáætlun 2015 að eigið fé lækki í sem nemur lögbundnu hámarki samanber framangreint.



2. Heilbrigði fjármálamarkaðarins

2.1 Lánamarkaður

Í árslok 2013 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, átta sparisjóðir og sex lánaþyrirtæki auk Íbúðalánasjóðs eða samtals 19 lánastofnanir. Heildareignir lánastofnana í árslok 2013 námu samtals 4.141 milljarði króna og þar af námu heildareignir viðskiptabankanna 3.016 milljörðum og hafa þær lítið breyst frá fyrra ári.

Eiginfjárstaða¹

Í árslok 2013 nam eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja samtals 595 milljörðum króna samanborið við 550 milljarða í árslok 2012 og hefur hann því hækkað um 8,2% á milli ára. Vegin eiginfjárlutföll bankanna voru í árslok 2013 samtals 26,2%, samanborið við 24,8% í árslok 2012 og hafa því hækkað um 1,4% prósentustig milli ára. Eiginfjárlutfallið samanstendur að mestu leyti af eiginfjárpætti A eða um 91% af heildareiginfjárlutfallinu.

Arðsemi

Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta nam tæpum 64 milljörðum króna árið 2013 samanborið við 66 milljarða króna árið 2012. Vegin arðsemi eiginfjár (e. ROE) bankanna eftir skatta nam 12,1% í árið 2013 samanborið við 13,1% árið 2012. Vegin arðsemi grunnrekstrar² fyrir skatta nam hins vegar 7,8% árið 2013 samanborið við 10,1% árið 2012. Vaxtamunur nam 3% árið 2013 samanborið við 3,3% árið 2012. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,7% bæði árin.

Lausafé og fjármögnun

Stofn hágæða lausafjáreigna stóru viðskiptabankanna þriggja nam 555 milljörðum króna í árslok 2013 eða um 19% af heildareignum þeirra. Nýjar lausafjárreglur, sem Seðlabanki Ísland setur í samráði við Fjármálaeftirlitið, tóku gildi í desember 2013 og byggja þær einkum á alþjóðlegum viðmiðum frá Basel nefndinni um bankaeftirlit.³ Lausafjárlutföll (e. Liquidity Coverage Ratio) viðskiptabankanna eru yfir 100% en lágmarkskrafa eftirlitsaðila er 70% m.v. janúar 2014. Strangari reglur gilda um lausafjáreign í erlendum myntum. Lágmarkskrafan hækkar síðan um 10% m.v. upphaf hvers árs þar til hún verður 100% í janúar 2017. Nýjar lausafjárreglur gera mun meiri kröfur um lausar eignir en eldri reglur og eru bankarnir með töluverðar lausafjáreignir umfram lausafjárkröfur eftirlitsaðila.

Hlutfallsleg skipting fjármögnunar stóru viðskiptabankanna þriggja m.v. árslok 2013 er með svipuðum hætti og árið áður. Eigið fé er 19%, víkjandi lán 2%, lántaka 18%, aðrar skuldir 13% og innlán viðskiptavina 48%.

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa nú allir fengið lánshæfiseinkunnir frá Standard & Poors, BB+ sem er einu þrepi fyrir neðan einkunn íslenska ríkisins. Þetta eru fyrstu lánshæfiseinkunnir sem bankarnir fá frá alþjóðlegu matsþyrirtæki.

Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. hafa báðir gefið út skuldabréf á erlendum mörkuðum. Í mars 2013 gaf Arion banki hf. út skuldabréf að fjárhæð NOK 500 milljónir til þriggja ára og voru vaxtakjör 500 punkta álag á NIBOR. Skuldabréf Arion banka hf. eru skráð í kauphöllinni í Noregi. Í desember 2013 gaf Íslandsbanki hf. út skuldabréf að fjárhæð SEK 500 milljónir til fjögurra ára og voru vaxtakjör 400 punkta álag á STIBOR. Útgáfa bankans var stækkuð í mars 2014 um SEK 300 milljónir og voru vaxtakjör 330 punkta álag á STIBOR eða 70 punktum lægra en útgáfan í desember 2013. Skuldabréf Íslandsbanka hf. eru skráð í kauphöllinni á Írlandi.

Á árinu 2013 fyrirframgreiddi Landsbankinn hf. um 50 milljarða króna af skuldabréfi útgefnu til

1 Umfjöllunin hér á eftir tekur að mestu leyti mið af stóru viðskiptabönkunum þremur, nema annað sé tekið fram.

2 Tekjur grunnrekstrar: Hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustu- og þóknunarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna

3 <http://www.bis.org/publ/bcbs238.pdf>.

gamla bankans. Við þetta lækkaði veðbandahlutfall (e. asset encumbrance) í um 29% m.v. árslok 2013. Veðbandahlutfall Arion banka hf. er svipað og hjá Landsbankanum hf. og veðbandahlutfall Íslandsbanka hf. er um 12%. Samkvæmt könnun⁴ BIS (e. Bank for International Settlements) sem gefin var út í maí 2013 var miðgildi veðbandahlutfalls, sem byggir á úrtaki 60 stórra banka í Evrópu, 28,5% í árslok 2011.

Stærð efnahagsreikninga

Hlutfall heildareigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu hefur farið lækkandi undanfarin ár frá því að vera 277% miðað við árslok 2009 í 232% miðað við árslok 2013. Skýringin er einkum sú að heildareignir hafa nokkurn veginn staðið í stað á sama tíma og verg landsframleiðsla hefur verið að hækka.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru heildareignir íslenska bankakerfisins 173% og 225% að meðtöldum Íbúðalánasjóði miðað við árslok 2012. Til samanburðar var vegið meðaltal heildareigna bankakerfa 27 ríkja Evrópusambandsins í hlutfalli við landsframleiðslu um 350% miðað við lok júní 2012. Hafa verður í huga að í bankakerfum flestra ríkja Evrópusambandsins er talsverð starfsemi yfir landamæri.

Útlánaáhætta og eignagæði

Útlán stóru viðskiptabankanna þriggja til viðskiptavina nema um 1.871 milljörðum króna eða 4,5% hærrí fjárhæð en í árslok 2012 þegar útlánin námu 1.791 milljörðum króna. Sé hins vegar horft framhjá yfirtöku Arion banka hf. á einstaklingslánum frá Dróma og Hildu á árinu 2013 þá drógust útlán saman á raunvirði um sem nemur um 50 milljörðum króna.

Þrátt fyrir að skuldastaða heimila og fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu fari minnkandi, m.a. í kjölfar endurskipulagningar skulda þessara aðila, þá ríkir enn óvissa um gæði útlánasafna stóru viðskiptabankanna þriggja. Í sögulegu samhengi eru vanskil há og varanleiki endurskipulagningar er ekki tryggður þar sem skuldsetning lántakenda sem farið hafa í gegnum endurskipulagningu er ennþá há.

Íbúðalánasjóður


Heildareignir Íbúðalánasjóðs í árslok 2013 námu 863 milljörðum króna samanborið við 876 milljarða króna í árslok 2012. Tap ársins 2013 var 4,4 milljarðar króna samanborið við tap að fjárhæð 7,9 milljarðar króna árið 2012. Eiginfjárlutfall sjóðsins er 3,4% í árslok 2013 en skv. 7. gr. reglugerðar nr. 544/2004, um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, skal sjóðurinn hafa sem langtímamarkmið að halda eiginfjárlutfalli sínu yfir 5%. Sjóðurinn býr við uppgreiðsluáhættu, einkum í núverandi vaxtaumhverfi. Þá er vaxtamunur sjóðsins aðeins um 0,3% og því þarf ríkissjóður áfram að styðja við sjóðinn. Vandí sjóðsins er því verulegur og óvissa er um framtíð hans.

Sparisjóðirnir

Á árinu 2013 nam hagnaður sparísjóðanna eftir skatta 136 milljónum króna samanborið við 363 milljónir árið áður. Vegin arðsemi eiginfjár sparísjóðanna nam 3,2% árið 2013 samanborið við 8,7% árið 2012. Heildareignir sparísjóðanna í árslok 2013 námu 57,8 milljörðum króna samanborið við 56,5 milljörðum í árslok 2012. Bókfært eigið fé sparísjóðanna í árslok 2013 nam 4,7 milljörðum króna samanborið við 4,4 milljarða króna í árslok 2012. Vegin eiginfjárlutföll (e. CAR) í árslok 2013 voru 14,2% samanborið við 14,1% í árslok 2012. Fjárhagsleg staða sparísjóðanna er því sem fyrr viðkvæm. Lausafjárstaða sparísjóðanna er hins vegar mjög vel viðunandi og eru þeir allir vel yfir lágmarkskröfum eftirlitsaðila.

⁴ Bank for International Settlements. „Asset encumbrance, financial reform and the demand for collateral assets: Report submitted by a Working Group established by the Committee on the Global Financial System“. CGFS Papers, No. 49, maí 2013.

Mynd 1 Heildareignir lánaþyrirtækja á samstæðugrunni m.v. 31. desember 2013.




Þróun vanskilahlutfalls

Vanskilahlutfallið hefur farið hratt lækkandi undanfarin misseri hjá stóru viðskiptabönkunum þremur. Í árslok 2012 var vegið meðaltal vanskilahlutfallsins 18,6% og 10,9% m.v. lok þriðja ársfjórðungs 2013.⁵ Samanburður við banka innan Evrópusambandsins, sem byggir á úrtaki EBA (e. European Banking Authority) á 56 bönkum, sýnir að þetta hlutfall var 6,5% m.v. árslok 2012 og 6,6% m.v. lok þriðja ársfjórðungs 2013.

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa lagt mesta áherslu á að endurskipuleggja stærstu lántakendur og hafa vanskil þeirra lækkað mikið frá bankahruninu haustið 2008. Endurskipulagningin hefur gengið hægar hvað varðar minni lántakendur.

Á mynd hér á eftir má sjá samanburð við ýmis lönd innan Evrópusambandsins. Svo virðist sem ágætur árangur hafi náðst í endurskipulagningu útlána. Vanskilahlutfallið hefur verið á niðurlleið á Íslandi sl. ár og á sama tíma á uppleið í flestum ríkjum Evrópusambandsins.

Mynd2 Þróun vanskilahlutfalls




⁵ Hér er miðað við kröfuvirði (e. claim value) til þess að samanburður við önnur lönd verði marktækur.

Þróun eiginfjárlutfalls

Eiginfjárlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja hefur farið hækkandi undanfarin misseri. Í árslok 2013 var vegið eiginfjárlutfallið 26,2% og 24,8% í árslok 2012. Samanburður við banka innan Evrópusambandsins, sem byggir á úrtaki EBA á 56 bönkum, sýnir að hjá þeim var vegið eiginfjárlutfall 14,4% í árslok 2012 og 15,7% í árslok 2013.

Á mynd hér á eftir má sjá samanburð á Tier1 hlutfalli eiginfjár og heildarhlutfalli eiginfjár, annars vegar hjá stóru viðskiptabönkunum þremur og hins vegar úrtaki 56 banka innan Evrópusambandsins sem EBA tekur saman ársfjórðungslega. Samanburðurinn virðist leiða í ljós að eiginfjárstaða íslensku bankanna sé vel viðunandi.

Mynd 3: Þróun eiginfjárlutfalls



Samantekt

Þrátt fyrir góða eiginfjárstöðu, viðunandi lausafjárstöðu og lækkun vanskilahlutfalla eru nokkur atriði sem valda óvissu og gætu haft neikvæð áhrif á rekstur bankanna á komandi misserum. Þar ber helst að nefna óvissu tengda fyrirhuguðu afnámi gjaldeyrishafta, en í því sambandi er niðurstaða af slitameðferð fallinna fjármálafyrirtækja og möguleg áhrif á fjármálastöðugleika verulegur áhættuþáttur, óvissu um gæði útlánasafna, fjármögnun í erlendum myntum til lengri tíma, stöðugleika fjármögnunar og efnahagsástand á erlendum mörkuðum. Þá er mikilvægt að bankarnir hafi góða eiginfjárstöðu vegna Basel III regluverksins sem unnið er að innleiðingu á í flestum ríkjum Evrópu í samræmi við CRD IV/CRR gerðir Evrópusambandsins.

Kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit

Í september 2012 gaf Baselnefndin um bankaeftirlit (e. Basel Committee on Banking Supervision) út endurskoðaðar kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit (e. Core Principles for Effective Banking Supervision). Kjarnareglurnar höfðu upphaflega verið gefnar út árið 1997 en verið endurskoðaðar eftir það. Síðasta endurskoðun fyrir útgáfuna 2012 var árið 2006. Kjarnareglurnar eru notaðar af eftirlitsstjórnvöldum í einstökum ríkjum sem viðmið við mat á gæðum eftirlitskerfis og eftirlitsframkvæmdar og mótun markmiða á þeim sviðum. Þær eru einnig notaðar af Alþjóðdagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum sem viðmið við mat á sömu þáttum í tengslum við úttekt þessara stofnana á virkni fjármálageira einstakra ríkja (The Financial Sector Assessment Programme – FSAP).

Ein af ástæðum endurskoðunar kjarnareglanna frá 2012 var að draga lærdóma af fjármálakreppunni sem hófst 2007 með það að markmiði að endurskoðaðar reglur stuðluðu eins og kostur væri að fullnægjandi fjármálaeftirliti og heilbrigðu fjármálakerfi. Endurskoðaðar reglur samanstanda af 29 kjarnareglum samanborið við 25 kjarnareglur í staðlinum frá árinu 2006. Í reynd er þó ekki um það að ræða að fjórar kjarnareglur hafi bæst við heldur var nokkrum meginreglum í 2006 útgáfunni skipt upp þannig að efnislega eiga 28 af núgildandi 29 kjarnareglum sér hliðstæðu í eldri reglum. Núgildandi kjarnareglur eru jafnframt ítarlegri en áður. Undir hverri kjarnareglu eru allmörg meginviðmið (Essential Criteria – EC) og er fjöldi þeirra samtals 225 (185 í fyrri staðli) eða að meðaltali tæplega átta meginviðmið fyrir hverja kjarnareglu.

Kjarnareglunum er skipt upp í tvo meginkafla. Annars vegar kafla sem leggur áherslu á stofnanaumgjörð, þ.e. valdheimildir, ábyrgð og framkvæmd eftirlits (Supervisory powers, responsibilities and functions, CP1-CP13) og hins vegar kafla sem leggur áherslu á laga- og reglumgjörð varðandi varúðarákvæði og varúðarkröfur sem gerðar eru til banka (Prudential regulations and requirements, CP14-CP29).

Í einum af inngangsköflum kjarnareglanna eru leiðbeiningar um hvernig standa skuli að mati á eftirfylgni með reglunum og einkunnagjöf í því sambandi. Einkunnir fyrir hverja kjarnareglu geta verið eftirfarandi:

- *Compliant (C)- Uppfyllt*
 - Öllum lágmarksviðmiðum (EC) er mætt
- *Largely compliant (LC) - Uppfyllt að verulegu leyti*
 - Minniháttar frávik frá lágmarksviðmiðum en eftirlitið nær þrátt fyrir það settu eftirlitsmarkmiði
- *Materially non-compliant (MNC) - Ekki uppfyllt að verulegu leyti*
 - Talsverðir veikleikar í framkvæmd eftirlitsins
- *(Non-compliant (NC) - Ekki uppfyllt*
 - Kjarnareglan er ekki uppfyllt

Kröfur Basel-reglnanna um árangursríkt bankaeftirlit lúta ekki eingöngu að því að uppfylla þau meginviðmið sem kveðið er á um í reglunum. Nauðsynleg skilyrði fyrir því að kröfur reglnanna teljist uppfylltar eru jafnframt að til staðar séu fullnægjandi innviðir í því ríki sem bankaeftirlitið starfar. Í einum af inngangskafla reglnanna eru eftirfarandi innviðir, sem eru utan valdsviðs eftirlitsstjórnvaldsins, tilgreindir:

- heilbrigð og sjálfbær efnahagsstefna (e. sound and sustainable macroeconomic policies);

- traust umgjörð varðandi fjármálastöðugleika (e. a well established framework for financial stability policy formulation);
- þróaðir opinberir innviðir (e. a well developed public infrastructure);
- skýr umgjörð varðandi krísustjórnun, endurreisn og slitameðferð (e. a clear framework for crisis management, recovery and resolution);
- viðeigandi stig kerfislegra varna (eða opinbert öryggisnet) (e. an appropriate level of systemic protection (or public safety net); og
- skilvirkt markaðsaðhald (e. effective market discipline).

Á árinu 2011 framkvæmdi óháður erlendur aðili á vegum stjórnvalda, Pierre-Yves Thoraval, mat á eftirfylgni Fjármálaeftirlitsins við Basel-reglurnar. Matið miðaðist við 2006 útgáfu reglnanna. Niðurstaða úttektarinnar var á þá leið að Fjármálaeftirlitið uppfyllti rúmlega helming kjarnareglanna (13 af 25) að verulegu eða öllu leyti en 12 kjarnareglur væru ekki uppfylltar að verulegu leyti. Í framhaldi af þessari niðurstöðu var ráðist í viðamiklð umbótaverkefni með það að markmiði að bæta þau atriði sem talin voru ófullnægjandi í nefndri úttekt og er stefnt að því að ljúka því verkefni á árinu 2016. Gerð var sérstök grein fyrir þessu umbótaverkefni í síðustu ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins.

Á fyrri hluta ársins 2013 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn framkvæmdi úttekt á eftirfylgni við Basel-reglurnar og skyldi miða við 2012 útgáfu reglnanna. Gert er ráð fyrir endanlegum niðurstöðum úr þeirri úttekt á miðju ári 2014. Bráðabirgðaniðurstöður úr úttekt AGS gefa til kynna að nokkur árangur hafi náðst í að uppfylla kröfur reglnanna en að veruleg úrbótavinna sé enn framundan hjá Fjármálaeftirlitinu. Ýmsir þættir sem bæta þarf úr eru þó ekki á valdi Fjármálaeftirlitsins en þar er um að ræða lagaheimildir og verkaskiptingu milli stofnana.

2.2 Verðbréfamarkaður

Próun á verðbréfamarkaði

Enduruppbygging íslenska hlutabréfamarkaðarins hélt áfram á árinu 2013 og bættust þrjú félög við aðallista Kauphallarinnar. Velta með hlutabréf hartnær þrefaldaðist milli ára, sem meðal annars má rekja til fjölgunar fjárfestingakosta og aukins áhuga fjárfesta á hlutbréfum. Velta með skuldabréf dróst hins vegar saman annað árið í röð.

Próun á hlutabréfamarkaði

Velta með hlutabréf jókst um 184% árið 2013 frá árinu áður, úr 88,5 milljörðum króna í ríflega 251 milljarð. Aukin velta skýrist meðal annars af skráningum nýrra félaga á markað en bréf Tryggingamiðstöðvarinnar hf., Vátryggingafélags Íslands hf. og N1 hf. voru öll tekin til viðskipta á árinu 2013. Þá hafa tvö félög bæst í hóp skráðra félaga á aðalmarkað NASDAQ OMX á Íslandi á fyrsta ársfjórðungi 2014, Sjóvá hf. og HB Grandi hf.

Úrvalsvísitalan OMXI6 hækkaði nokkuð kröftuglega í upphafi árs 2013 og náði 1.235,76 stigum um miðjan mars sama ár. Hafði vísitalan þá hækkað um 16,6% frá áramótum. Gangur vísitölunnar var nokkuð sveiflukenndur það sem eftir lifði árs en náði hágildi sínu í upphafi desember 2013, þá 1266,3 stigum. Vísitalan endaði í 1.259,60 stigum sem jafngildir 18,9% hækkun frá upphafi árs 2013. Sú hækkun sem átti sér stað á fjórða ársfjórðungi 2013 hefur hins vegar öll gengið til baka en hlutabréfmarkaðurinn hefur ekki farið af stað með sama krafti á fyrsta ársfjórðungi 2014 og hann gerði á sama tímabili árið á undan. Í lok mars 2014 stóð OMXI6 vísitalan í 1.160,97 stigum og hefur því lækkað um 7,7% frá áramótum.

Mynd 1 Þróun úrvalsvísitölunnar NASDAQ OMXI6




Markaðsvirði skráðra félaga á aðallista Kauphallarinnar nam samtals rúmlega 534 milljörðum króna við árslok 2013 samanborið við 363 milljarða í upphafi árs. Nemur hækkunin 47,1% og skýrist annars vegar af tilkomu nýrra félaga á markað og hins vegar af gengishækkunum, en dæmi voru um að einstaka félög hefðu ríflega tvöfaldast að markaðsvirði á árinu. Markaðsvirði þeirra félaga sem skráð voru á aðallista Kauphallarinnar var við lok árs 2013 um 29% af áætlaðri vergrí landsframleiðslu ársins 2013. Til samanburðar er þetta hlutfall á bilinu 40-70% í nágrannalöndunum. Gera má ráð fyrir að hlutfallið muni færast nokkuð nær því sem þekktist í nágrannalöndunum eftir því sem fleiri félög kjósa að skrá hlutabréf sín á markað. Í því samhengi má nefna að búist er við því að tvö til fimm félög muni skrá bréf sín á markað í ár. Nú þegar hafa Sjóvá hf. og HB Grandi hf. slegist í hóp skráðra félaga á aðalmarkaði en samanlagt markaðsvirði þeirra er um 72 milljarðar króna. Þá má nefna að tilkynnt hefur verið að tvö félög muni bætast við í úrvalsvísitölu Kauphallarinnar OMXI6 sem mun þá taka mið af átta félögum í stað sex áður.

Þróun á skuldabréfamarkaði


Ársvelta með skuldabréf dróst saman um 21,6% milli ára sem er í samræmi við þróun árið á undan. Var veltan um 1.822 milljarðar króna á árinu 2013 samanborið við 2.323 milljarða árið 2012. Samdrátturinn var hvað mestur í veltu með óverðtryggð ríkisbréf og verðtryggð íbúða- og húsnæðisbréf. Skýrist það meðal annars af auknum áhuga fjárfesta á öðrum mörkuðum en merkja mátti aukinn áhuga fjárfesta á bæði hlutabréfum og fasteignum á liðnu ári. Rétt eins og fyrri ár var langmest velta með óverðtryggð ríkisbréf eða um 63,4% af heildarveltu allra skráðra skuldabréfa á markaði.

Árið 2013 hækkaði ávöxtunarkrafa flestra óverðtryggðra skammtímaskuldabréfa, þó heldur meira á styttri enda vaxtaferilsins en þeim lengri. Þannig hækkuðu kröfur mældar samkvæmt OMXI3MNI og OMXI1YNI um 76 og 104 punkta en kröfur OMXI5YNI og OMXI10YNI hækkuðu um 34 og 10 punkta. Þá hækkuðu kröfur verðtryggðra bréfa einnig, OMXI5YI um 51 punkt og OMXI10YI um 52 punkta.

Mynd 2 Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfavísitalna NASDAQ OMX Iceland



Mynd 3 Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfavísitalna NASDAQ OMX Iceland



Heildarmarkaðsverðmæti skráðra skuldabréfa nam um 1.892 milljörðum króna í árslok 2013 samanborið við 1.866 milljarða í upphafi árs og hafði því aukist um sem nemur 1,4%. Aukningin skýrist af skuldabréfum útgefnum af bönkum og öðrum fyrirtækjum en nýjar útgáfur þessara aðila námu um 60 milljörðum króna á árinu. Bar þar hæst nýjar útgáfur sértryggðra og eignavarinna skuldabréfa. Markaðsvirði íbúða- og húsnæðisbréfa dróst hins vegar töluvert saman milli ára, eða um ríflega 55 milljarða króna, auk þess sem staða ríkisvixla dróst saman um rúmlega 17 milljarða.

Markaðsverðmæti útgefinna skuldabréfa skiptist þannig að um það bil 82,1% eru gefin út af opinberum aðilum en 17,9% eru gefin út af einkaaðilum. Hækkar hlutfall útgefinna skuldabréfa einkaaðila því um 3,5% frá fyrra ári þegar það nam um 14,4%.

Könnun á viðhorfum til Fjármálaeftirlitsins meðal eftirlitsskyldra aðila

Fjármálaeftirlitið efndi til viðhorfskönnunar meðal eftirlitsskyldra aðila í árslok 2013. Markmiðið með könnuninni var að kanna viðhorf þessa mikilvæga hóps til stofnunarinnar og traust hans á henni. Könnunin var nafnlaus vefkönnun. Sendar voru spurningar til 106 eftirlitsskyldra aðila og svöruðu 185 einstaklingar könnuninni.

Svarendur voru meðal annars úr hópi forstjóra, bankastjóra og annarra sem gegndu sambærilegum störfum. Meðal svarenda voru einnig framkvæmdastjórar, regluverðir, starfsmenn í áhættustýringu, sérstakir tengiliðir og aðrir starfsmenn. Flestir þeirra sem svöruðu störfuðu innan lánastofnana, því næst voru það starfsmenn lífeyrissjóða og starfsmenn váttryggingafélaga eða váttryggingamiðlana. Hlutfallsleg samsetning svarenda endurspeglar prýðilega samsetningu eftirlitsskyldra aðila.

Þegar spurt var um traust til Fjármálaeftirlitsins kom í ljós að 42% báru annað hvort mjög eða frekar mikið traust til Fjármálaeftirlitsins. Sé þeim sem voru hlutlausir bætt við verður hlutfallið tæplega 79%.

Þegar spurt var: Hversu vel eða illa telur þú að Fjármálaeftirlitið standist þær kröfur sem gerðar eru til opinbers eftirlits, svöruðu 38,6% því að þeir teldu eftirlitið standast þær mjög eða frekar vel. Með því að bæta þeim sem voru hlutlausir við verður hlutfallið rúmlega 77%.


Nokkuð almenn ánægja kom fram með vef Fjármálaeftirlitsins. Þannig voru 55,7% mjög eða frekar ánægð með vefinn og með því að bæta þeim sem voru hlutlausir við verður hlutfallið 85,4%.

2.3 Lífeyrissjóðir

Í árslok 2013 voru starfandi 27 lífeyrissjóðir í 80 deildum samtryggingar og séreignar. Sjóðum fækkaði á árinu þegar fimm sveitarfélagsjóðir sameinuðust Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Vörsluaðilum séreignarsparnaðar annarra en lífeyrissjóða fækkaði um einn og voru sjö í árslok.


Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar jókst umtalsvert á liðnu ári, miðað við bráðabirgðatölur, eða um nærri 260 milljarða kr. Áætlað er að heildareignir í árslok 2013 hafi numið nálægt 2.800 milljörðum kr. Skipting þessara eigna er áætluð 2.400 milljarðar hjá samtryggingadeildum lífeyrissjóða, 260 milljarðar hjá séreignarsparnaði þeirra og um 150 milljarðar kr. hjá öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Aukningin er mest hjá samtryggingadeildum lífeyrissjóðanna eða nálægt 11% en nokkru minni hjá vörsluaðilum séreignarsparnaðar eða um 7%. Nokkuð hefur dregið úr vexti séreignarsparnaðar vegna útgreiðslna á grundvelli bráðbirgðaákvæðis í lögum sem framlengt hefur verið árlega frá árinu 2009. Miðað við áður nefndar tölur um hreina eign lífeyrissjóða má gera ráð fyrir að þessar eignir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) hafi numið 158% við árslok 2013, sjá mynd 1. Þetta hlutfall er eins og áður eitt af því hæsta innan OECD landa eða næst á eftir Hollandi sem lengi hefur verið með hæsta hlutfall eigna svokallaðra sjálfstæðra (e. autonomous) lífeyrissjóða. Hafa ber í huga við þennan samanburð að í mörgum löndum á almenningur eftirlaunaréttindi hjá vinnuveitanda og í ýmsum lífeyrisafurðum sem ekki koma fram í samanburðatölum OECD. Einnig er mikilvægt að einblína ekki eingöngu á stærð lífeyriskerfisins. Það er ekki síður mikilvægt að horfa til þess hversu mikinn lífeyri sjóðfélagar, hér á landi, geta vænst að fá við starfslok, bæði frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum.

Mynd 1 Eignir lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar/VLF




Þrátt fyrir miklar eignir í lífeyrissjóðakerfinu er öllum ljóst að mikill halli er á samtryggingadeildum þeirra þ.e. að skuldbindingar eru mun hærri en eignir. Mestur hallinn er eins og áður hjá lífeyrissjóðum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga eða um 480 milljarðar kr. og um 50 milljarðar hjá sjóðum án ábyrgðar, miðað við bráðabirgðatölur yfir eignir og áfallnar skuldbindingar í árslok 2013. Það er brýnt verkefni hagsmunaaðila að finna skynsamlegar lausnir á þessum vanda. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna hefur farið batnandi eftir hið mikla áfall í bankahruninu, eins og sjá má á mynd 2. Kemur þar aðallega tvennt til: skerðingar réttinda hjá mörgum lífeyrissjóðum án ábyrgðar og góð ávöxtun sjóðanna síðastliðin þrjú ár. Tölur fyrir 2013 eru bráðabirgðatölur.

Mynd 2 Eignir að frádregnum áföllnum skuldbindingum



Árleg ávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna þarf til lengri tíma að vera umfram ávöxtunarviðmið sjóðanna svo takist að vinna á tryggingafræðilegum halla þeirra að öðru óbreyttu. Lengi hefur verið stuðst við 3,5% hjá flestum sjóðum sem raunhæft markmið um langtíma raunávöxtun. Þetta er alþjóðlega viðurkennt langtíma viðmið um ávöxtun á fjármálamarkaði með skiptingu eignaflokka 60%/40% skuldabréf og hlutabréf. Á mynd 3 er yfirlit yfir ávöxtun samtryggingadeilda frá árinu 2002 til ársins 2013. Endanlegar tölur um raunávöxtun fyrir árið 2013 liggja ekki fyrir en bráðabirgðatölur gefa til kynna 5,5% raunávöxtun. Lífeyrissjóðir eru langtíma fjárfestar og er nauðsynlegt að hafa það til hliðsjónar þegar árangur þeirra er metinn. Árleg raunávöxtun sjóðanna horft til síðustu 20 ára var, þrátt fyrir áföllin í kjölfar bankahrunsins, að meðaltali 3,9% sem er yfir áður nefndu ávöxtunarviðmiði. Meðaltals raunávöxtun sl. 10 og 5 ára var annars vegar 3,6% og hins vegar 2,6%.

Mynd 3 Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóða 2002-2013



Vegna takmarkana á erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða er ljóst að finna þarf fjárfestingabörf sjóðanna farveg á innlendum verðbréfa- og fasteignamarkaði. Því er mikilvægt að næg fjárfestingatækifæri séu til staðar svo ekki skapist ójafnvægi á markaðnum er leitt gæti til bólu myndunar í einstaka eignaflokkum. Jafnframt þarf að tryggja viðunandi áhættudreifingu á eignum lífeyrissjóðanna.

Ekki hafa orðið umtalsverðar breytingar á eignasöfnum lífeyrissjóða og vörsluaðila. Nærri helmingur eigna lífeyrissjóða er bundinn í eignum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga og nærri 23% af eignum er í erlendra mynt, að mestu í hlutabréfasjóðum. Hjá vörsluaðilum séreignarsparnaðar er stór hluti eigna í innlánnum og verðbréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga en erlendar eignir þeirra eru óverulegar.

Fjárfestingar lífeyrissjóðanna í Framtakssjóði Íslands og í nýskráningum á innlendum hlutabréfamarkaði hafa gengið vel undanfarið og eiga sinn þátt í góðri ávöxtun sjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa aukið við eign sína í skráðum íslenskum hlutabréfum, í takt við fjölgun skráðra félaga á OMX Nordic. Í árslok 2013 áttu sjóðirnir um þriðjung allra skráðra hlutabréfa á Íslandi og um og yfir helming útgefna hlutabréfa í einstökum félögum.

Sú þróun hefur orðið áberandi á liðnu ári að með stofnun samlagshlutafélaga eða fagfjárfestasjóða utan um óskráðar eignir, sem fjármagna sig með útgáfu skráðra skuldabréfa, er óskráðum eignum umbreytt í skráðar (sk. verðbréfun). Meðal annars hafa lífeyrissjóðirnir fjárfest í skráðum skuldabréfum fagfjárfestasjóða eða hlutafélaga sem eiga annaðhvort fasteignir eða lánasamninga með veði í fasteign. Með því að fjárfesta í skráðum skuldabréfum, útgefnum af óskráðum félögum eða sjóðum, eru lífeyrissjóðirnir í raun að auka áhættu sína af óskráðum eignum án þess að sú áhætta komi fram í auknu vægi óskráðra verðbréfa í eignasafni þeirra.

2.4 Verðbréfasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitins voru níu talsins í lok árs 2013. Meginstarfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða felst í að reka verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

Verðbréfasjóðum fjölgaði um einn á árinu og voru starfræktir alls 57 verðbréfasjóðir og sjóðsdeildir í árslok. Fjárfestingarsjóðum fjölgaði um 16 á árinu og voru starfræktir alls 44 fjárfestingarsjóðir og sjóðsdeildir í árslok. Í lok árs 2013 námu heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða 356 milljörðum króna. Þar af námu eignir verðbréfasjóða rúmum 238 milljörðum króna og eignir fjárfestingarsjóða rúmum 118 milljörðum króna.


Fagfjárfestasjóðum undir eftirliti fjölgaði um 23 á árinu og voru starfræktir alls 70 fagfjárfestasjóðir í rekstri 11 aðila í árslok. Heildareignir þeirra námu 306 milljörðum króna en hrein eign var 141 milljarður króna. Fagfjárfestasjóðir eru sjóðir sem eingöngu standa fagfjárfestum til boða. Engar hömlur eru settar á fjárfestingar fagfjárfestasjóða líkt og settar eru á fjárfestingar verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Þá eru engar takmarkanir settar á lántökur fagfjárfestasjóða líkt og settar eru á lántökur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum staðfestingu, þ.e. heimild til handa rekstrarfélagi til að starfrækja slíka sjóði. Hvað varðar fagfjárfestasjóði tekur Fjármálaeftirlitið á móti tilkynningum um stofnun slíkra sjóða.


Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust um rúma 28 milljarða króna á árinu eða um 8%. Eignir verðbréfasjóðanna lækkuðu á árinu og er það í fyrsta sinn frá 2008 að eignir þeirra lækka á milli ára. Eignir fjárfestingarsjóða jukust hins vegar um 47 milljarða á árinu eða um 65%. Yfir 90% af eignum verðbréfasjóðanna eru bundnar í bréfum útgefnum af ríki eða með ábyrgð ríkis og í innlánnum. Eignir fjárfestingarsjóða eru hins vegar töluvert dreifðari. Um 45% er í hlutabréfum, en næstu eignaflokkar m. v. stærð eru innlán, verðbréfasjóðir og bréf útgefin af ríki eða með ábyrgð ríkis, eða um 13-15% hlutdeild hver flokkur.

Eignir fagfjárfestasjóða eru einkum í hlutabréfum, fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og lánasamningum.

Mynd 1 Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða (í ma.kr.) í lok hvers árs



Mynd 2 Þróun eigna fagfjárfestasjóða (í ma.kr.) í lok hvers árs



2.5 Vátryggingamarkaður


Almennt um vátryggingamarkaðinn

Í árslok 2013 höfðu 13 vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, þar af eru fimm félög á líftryggingamarkaði og fimm félög á skaðatryggingamarkaði. Öll líftryggingafélögin eru dótturfélög skaðatryggingafélaga, nema Okkar líftryggingar hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. Þá gera Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. eingöngu upp eldri endurtryggingaskuldbindingar og þá má loks nefna Viðlagatryggingu Íslands sem starfar samkvæmt sérlögum.

Í upphafi ársins 2014 var starfsleyfi skaðatryggingafélagsins European Risk Insurance Company hf. (ERIC) afturkallað, þar sem það uppfyllti ekki kröfur laga um lágmarksgjaldþol. Félagið hafði enga starfsemi hér á landi en starfaði einkum að sölu ábyrgðartrygginga í Bretlandi. Þar sem uppgjóri félagsins fyrir árið 2013 er ekki lokið er, til að auðvelda samanburð á milli ára, félaginu sleppt úr öllum samtölum vegna fyrri ára í umfjölluninni hér á eftir.


Samanlagðar eignir allra vátryggingafélaga hér á landi í lok síðasta árs námu 163 milljörðum kr. og hækkuðu um rúma 10 milljarða króna frá fyrra ári. Mynd 1 sýnir þróun í eignum og eignasamsetningu vátryggingafélaga á árunum 2010-2013. Mikil aukning hefur orðið í hlutabréfaeign félaganna, en hlutdeild hlutabréfa í eignasafni fór úr 12% í 29% á árinu. Á sama tíma lækkaði hlutdeild skuldabréfa í eignasafni úr 48% í 33%.

Mynd 1 Eignir og eignasamsetning váttryggingafélaga 2010-2013



Á mynd 2 má sjá samsetningu skuldahliðar efnahagsreikningsins fyrir sama tímabil. Eiginfjárstaðan hefur batnað jafnt og þétt á meðan váttryggingaskuldin hefur staðið nokkurn veginn í stað og hefur virði hennar lækkað miðað við fast verðlag.


Mynd 2 Skuldir og eigið fé váttryggingafélaga 2010-2013



Rekstur skaðatryggingafélaga

Minni hagnaður var af rekstri skaðatryggingafélaga á árinu 2013 en á árinu áður, bæði hvað varðar váttryggingarekstur og fjármálarekstur, en afkoman telst samt góð í sögulegu samhengi. Á mynd 3 sést þróun og sundurliðun hagnaðar á árunum 2010-2013. Búast má við að með aukinni hlutabréfaeign muni fylgja auknar sveiflur í afkomu af fjármálarekstri.

Mynd 3 Þróun afkomu skaðatryggingafélaga 2010-2013




Gjaldþolshlutfall þeirra fjögurra skaðatryggingafélaga sem nú starfa á almennum markaði, þ.e. hlutfall gjaldþols af lögbundnu lágmarksgjaldþoli, var á bilinu 335-553% í lok árs 2013, þannig að félögin standa traustum fótum. Nokkur þeirra hafa tilkynnt um að greiddur verði arður vegna ársins 2013 sem yrði þá í fyrsta skipti eftir bankahrún sem skaðatryggingafélögin greiddu arð.

Rekstur líftryggingafélaga

Undanfarin ár hefur stöðugleiki einkennt rekstur líftryggingafélaga, eins og sjá má á mynd 4. Öfugt við skaðatryggingafélögin hefur hagnaður þeirra þó lítilla aukist á milli ára en aukningin stafar af auknum hagnaði af fjármálarekstri á meðan hagnaður af líftryggingarekstri heldur áfram að dragast saman. Þess má geta að hlutfall hlutabréfa í eignasafni líftryggingafélaga er 13%, þannig að stærsti hluti hlutabréfaeignarinnar á váttryggingamarkaði er hjá skaðatryggingafélögum.

Mynd 4 Þróun afkomu líftryggingafélaga 2010-2013



Gjaldþolshlutfall líftryggingafélaganna í árslok 2013 var á bilinu 111%-311%. Lágt gjaldþolshlutfall gefur þó ekki rétta mynd af áhættu félaganna. Vegna smæðar markaðarins ákvarðast lágmarksgjaldþol flestra þeirra af lágmarksfjárhæð sem samkvæmt tilskipunum ESB um váttryggingamarkað er nú 3,7 milljónir evra eða 610 milljónir íslenskra króna.



3 Annáll ársins

3.1 Helstu atburðir frá maí 2013 til aprílloka 2014

Reglur um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í maíbyrjun 2013 að stofnunin hefði sett reglur um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga. Reglurnar sem eru nr. 334/2013 voru birtar í vefútgáfu Stjórnartíðinda þann 17. apríl 2013.

Landsbankinn fær leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa

Hinn 6. maí 2013 sagði frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stofnunin hefði veitt Landsbankanum hf. leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Var bankanum heimilað að afla sér 10 milljarða króna með þessum hætti.

Ábending til fjárfesta

Fjármálaeftirlitið minnti í frétt á vef sínum, um miðjan maí 2013, á mikilvægi þess að fjárfestar kynntu sér regluverk um hlutfjárútboð. Enn fremur var áréttuð sú skoðun Fjármálaeftirlitsins að sú hegðun, þegar fjárfestir leggur inn hærri tilboð en hann getur staðið við, gæti talist markaðsmisnotkun í skilningi 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti, enda væri með því verið að gefa eftirspurn fjármálagerna ranglega eða misvísandi til kynna. Í lok fréttarinnar var sagt frá því að Fjármálaeftirlitið færi nú yfir verklarag við hlutfjárútboð með hliðsjón af framansögðu.

Upplýsingaskylda útgefenda

Í lok maí 2013 efndi Fjármálaeftirlitið til fræðslufundar fyrir útgefendur á skipulegum verðbréfamarkaði. Á fundinum var farið yfir upplýsingaskylda útgefenda, reglur um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja og leiðbeinandi tilmæli um framkvæmd reglnanna. Að auki var fjallað um viðurlagamál hjá Fjármálaeftirlitinu, viðurlagaheimildir þess og beitingu þeirra.

Dómsmál vegna gengislána

Fjármálaeftirlitið birti um miðjan maí 2013 samantekt um stöðu dómsmála vegna gengislána. Samantektin var unnin í tilefni af og með hliðsjón af nokkrum fjölda fyrirspurna og ábendinga sem stofnuninni höfðu borist vegna úrvinnslu mála sem tengdust gengislánum.

Undirbúningur vegna Solvency II

Fjármálaeftirlitið hélt kynningarfund þann 14. maí 2013 um drög að leiðbeinandi tilmælum EIOPA um undirbúning vegna Solvency II en drögin voru í umsagnarferli. Fulltrúum váttryggingafélaganna og Samtaka fjármálafyrirtækja var boðið á fundinn. Farið var yfir markmið tilmælanna og ástæður þess að EIOPA ákvað að setja leiðbeinandi tilmæli til að samræma undirbúning váttryggingamarkaðarins fyrir gildistöku Solvency II tilskipunarinnar. Að lokinni almennri yfirferð var efni þriggja tilmæla um stjórnarhætti, eigin áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) og gagnaskil kynnt.

Fjármálaeftirlitið endurgreiðir

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 25. mars 2013, var felld úr gildi ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um að leggja umframeftirlitsgjald skv. 7. gr. laga nr. 99/1999 á tiltekinn lífeyrissjóð vegna kostnaðar við störf ráðgjafarnefndar eftirlitsins vegna mats á hæfi stjórnarmanna. Fjármálaeftirlitið ákvað að una dóminum og endurgreiða umræddan kostnað. Stofnunin endurgreiddi auk þess öllum þeim aðilum sem greiddu sambærilegt gjald vegna starfa nefndarinnar, en gjaldið var innheimt á árunum 2010 og 2011. Um var að ræða 13 aðila sem fengu endurgreiddar samtals tæpar 14 milljónir króna auk vaxta.

Breytingar á upplýsingaskyldu útgefenda

Fjármálaeftirlitið vakti, í frétt í maílok 2013, athygli á breytingum á upplýsingaskyldu útgefenda samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti sem tekið höfðu gildi í mars þar á undan. Þar var meðal annars bent á ýmsar skyldur útgefenda.

Samantekt ársreikninga váttryggingafélaga og afkoma váttryggingagreina

Fjármálaeftirlitið birti í byrjun júní 2013 samantekt ársreikninga og upplýsinga um afkomu váttryggingagreina hjá íslenskum váttryggingafélögum fyrir reikningsárið 2012 með samræmdri uppsetningu eins og verið hafði árin á undan.

Fræðslufundur fyrir útgefendur á skipulegum verðbréfamarkaði

Fjármálaeftirlitið stóð fyrir fræðslufundi fyrir útgefendur á skipulegum verðbréfamarkaði hinn 30. maí 2013. Fundurinn var vel sóttur af regluvörðum og öðrum starfsmönnum útgefenda. Umfjöllunarefni fundarins var meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja sem og upplýsingaskylda útgefenda.

Aðstoðarforstjóri ráðinn

Dr. Jón Þór Sturluson var ráðinn aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins 12. júní 2013. Jón Þór var valinn úr hópi 15 umsækjenda að undangengnu ítarlegu ráðningarferli. Jón Þór lauk grunn- og meistaraþrófi í hagfræði frá Háskóla Íslands og síðar doktorsþrófi frá Viðskiptaháskólanum í Stokkhólmi (Stockholm School of Economics). Jón Þór hefur mikla þekkingu á fjármálamarkaðinum og áhrifaþáttum fjármálastöðugleika og þjóðhagsvarúðar í gegnum kennslu, rannsóknir og ráðgjafarverkefni ýmiskonar. Jón Þór sat í bankaráði Seðlabanka Íslands um tveggja ára skeið, var aðstoðarmaður víðskiptaráðherra og ráðgjafi utanríkisráðherra í efnahags- og ríkisfjármálum.

Fræðslufundur fyrir stjórnvöld um meðferð innherjaupplýsinga o.fl.

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 24. júní 2013 að Fjármálaeftirlitið hefði seinni hluta apríl 2013 haldið fræðslufund fyrir stjórnvöld um meðferð innherjaupplýsinga o.fl. Þar hefðu reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja verið til umfjöllunar ásamt leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2012 um framkvæmd reglnanna. Í kjölfar fundarins sendi Fjármálaeftirlitið stjórnvöldum hinn 20. júní 2013 dreifibréf þar sem athygli þeirra var vakin á umræddum reglum.

Samgöngustefna Fjármálaeftirlitsins

Hinn 28. júní 2013 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stofnunin hefði gefið út samgöngustefnu sem hefði það markmið að sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að því að starfsmenn notuðu vistvænan og hagkvæman ferðamáta. Liður í samgöngustefnunni væri að Fjármálaeftirlitið gerði samgöngusamning við þá starfsmenn sem ferðuðust með vistvænum hætti í að jafnaði 60% tilvika eða þrjá daga í viku. Þá þegar höfðu um 20 starfsmenn undirritað samgöngusamning eða 18% starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Í lok apríl 2014 voru þeir orðnir 41 eða þriðjungur starfsmanna.

Samruni Sparisjóðs Svarfdæla við Sparisjóð Norðurlands ses.

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 4. júlí 2013 samruna Sparisjóðs Svarfdæla við Sparisjóð Norðurlands ses. (áður Sparisjóður Þórshafnar og nágr.) á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóður Norðurlands ses. tók við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Svarfdæla og voru sjóðirnir sameinaðir undir nafni Sparisjóðs Norðurlands ses.

Staða íslenskra lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið birti 10. júlí 2013 yfirlit yfir stöðu íslenskra lífeyrissjóða fyrir árið 2012 með sambærilegum hætti og árin á undan.

Reglur um stórar áhættuskuldbindingar

Fjármálaeftirlitið sagði þann 12. júlí 2013 frá reglum nr. 625/2013 sem stofnunin hafði sett um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Nýju reglurnar leystu af hólmi fyrri reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Við endurskoðun reglnanna var gengið úr skugga um að gildandi bankatilskipanir hefðu verið innleiddar. Við vinnuna var einnig höfð hliðsjón af norskum og dönskum reglum um stórar áhættuskuldbindingar.

Dómsmál Stapa og Fjármálaeftirlitsins

Þann 8. júlí 2013 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli Stapa lífeyrissjóðs gegn Fjármálaeftirlitinu þar sem stofnunin var sýknuð af kröfu um ógildingu ákvörðunar er varðaði skyldu Stapa til að hafa samning um rekstur upplýsingakerfa við hýsingaraðila þannig úr garði gerðan, að hann uppfyllti leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2005, um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Krafa Stapa náði einnig til þess að ákvörðun um dagsektir sem FME hafði lagt á, í þeim tilgangi að knýja fram umræddar úrbætur, yrði felld úr gildi. Stapi lífeyrissjóður áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar. Með dómi þann 27. febrúar 2014 felldi Hæstiréttur ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um dagsektir úr gildi. Var það gert með vísan til þess að Fjármálaeftirlitinu hefði borið að rannsaka tiltekna staðhæfingar Stapa áður en ákvörðunin var tekin. Þá hefði borið að geta um allar staðhæfingar Stapa í minnisblaði þar sem gerð var tillaga um að dagsektir yrðu lagðar á Stapa og sem lagt var fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti

Fjármálaeftirlitið sagði þann 17. júlí 2013 frá reglum nr. 670/2013 sem stofnunin hafði sett um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Reglurnar kveða á um meginreglur sem almennt teljast til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta í starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá var skýrt frá að gefin yrðu út leiðbeinandi tilmæli reglunum til fyllingar og yrði í því sambandi m.a. haft samráð við Samtök fjármálafyrirtækja og Neytendastofu.

Fjármálaeftirlitið endurgreiðir

Sagt var frá því 23. júlí 2013 að Fjármálaeftirlitið hefði ákveðið að endurgreiða umframeftirlitsgjald sem lagt hafði verið á 22 lánastofnanir í lok árs 2010 vegna vinnu við greiningar á áhrifum gengistryggðra lána á stöðu lánastofnana í kjölfar dóma Hæstaréttar 2010. Endurgreiðslan var í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Ákvörðun um endurgreiðsluna var tekin eftir ítarlega skoðun og var höfð hliðsjón af því áliti umboðsmanns Alþingis að ekki hefði verið lagagrundvöllur fyrir gjalddökunni þegar Fjármálaeftirlitið innheimti umframeftirlitsgjaldið.

Fjármálaeftirlitið sendir frá sér ábendingar varðandi framkvæmd hlutfjárútboðs

Fjármálaeftirlitið sendi hinn 27. ágúst 2013 frá sér ábendingar varðandi framkvæmd hlutfjárútboða. Stofnunin benti fjárfestum m.a. á að áskriftir þeirra væru bindandi og gæti útgefandi krafist fullra efnda á þeim skuldbindingum sem í áskriftinni væru fólgnar. Fjármálaeftirlitið sagði að hygðu fjárfestar á þátttöku í hlutfjárútboðum teldi Fjármálaeftirlitið mikilvægt að þeir kynntu sér þær reglur sem giltu um hlutfjárútboð, en um útboð og töku fjármálagerna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði giltu lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjármálaeftirlitið áréttaði enn fremur að viss hegðun fjárfesta við gerð áskrifta og tilboða gæti falið í sér markaðsmisnotkun í skilningi 117. gr. laganna og vísaði í tilkynningu sem birst hafði á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins fyrir á árinu.

Þá var brýnt fyrir útgefendum að gæta þess að birta ekki upplýsingar um niðurstöður útboða þannig að þær endurspegluðu eftirspurn með röngum eða misvísandi hætti. Tók Fjármálaeftirlitið fram að það væri mat stofnunarinnar að þær áskriftir sem ekki féllu að skilmálum útboðsins og væru felldar niður eða dæmdar ógildar af einhverjum ástæðum væru ekki til þess fallnar að endurspegla eftirspurn með réttum hætti.

Svar við opnu bréfi til Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið birti hinn 29. ágúst 2013 svar við opnu bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá 22. ágúst 2013. Í bréfinu, sem varðaði viðskiptahætti Lýsingar hf., var fjölda spurninga beint til eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið benti á að stofnuninni væri ekki heimilt að tjá sig sérstaklega um mál einstakra eftirlitsskyldra aðila á opinberum vettvangi og gæti því einungis leitast við að upplýsa með almennum hætti um eftirlit með viðskiptaháttum með hliðsjón af þeim spurningum sem beint var til eftirlitsins.

Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálfyrirtækja

Fjármálaeftirlitið birti 18. september 2013 skýrslu með heildarniðurstöðum ársreikninga ársins 2012 hjá fjármálfyrirtækjum ásamt ýmsum samandregnum upplýsingum um viðskiptabanka, sparisjóði, lánaþyrirtæki (einu nafni lánastofnanir), verðbréfaþyrirtæki, verðbréfamíðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða auk verðbréfa- og fjárfestingasjóða.

Afsal starfsleyfa til reksturs markaðstorgs fjármálagerninga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 19. september 2013 að stofnunin hefði samþykkt afsal starfsleyfa Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. til reksturs markaðstorgs fjármálagerninga. Fjármálaeftirlitið samþykkti afsal leyfanna í kjölfar þess að stjórnir bankanna samþykktu með ótvíræðum hætti að afsala sér þeim.

Formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins biðst lausnar

Hinn 1. október 2013 var sagt frá því að Aðalsteinn Leifsson hefði beðist lausnar vegna fyrirhugaðs flutnings til útlanda um áramótin en Aðalsteinn hafði tekið við starfi sem forstöðumaður fyrir skrifstofu framkvæmdastjóra EFTA. Sagt var jafnframt frá því að Margrét Einarsdóttir, lektor í lagadeild HR og varaformaður stjórnar, myndi taka við sem stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins þangað til ráðherra hefði skipað í stöðuna að nýju.

Upplýsingar um tímabundna starfsemi fjármálfyrirtækja

Fjármálaeftirlitið birti 2. október 2013 samandregnar upplýsingar um eignarhluta viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja í fyrirtækjum sem þau höfðu eignast tímabundið með yfirtöku og töldust til annarrar starfsemi fjármálfyrirtækja. Samantektin sýndi m.a. fjölda eignarhluta fjármálfyrirtækja í tímabundinni starfsemi 1. nóvember 2011, 1. september 2012 og 1. september 2013.

Kynning á skýrslu um sundurliðun fjárfestinga og skulda fagfjárfestasjóða

Fjármálaeftirlitið hélt kynningu fyrir rekstraraðila fagfjárfestasjóða á skýrsluformi um sundurliðun fjárfestinga og skulda fagfjárfestasjóða þann 4. október 2013.

Viðskipti stöðvuð tímabundið

Hinn 8. nóvember 2013 var sagt frá því að Fjármálaeftirlitið hefði ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með skuldabréfaflokk með auðkenni FAST-1 12 1 sem tekinn hefði verið til viðskipta á Nasdaq OMX Iceland hf. Með vísan til tilkynningar FAST I slhf. var það mat Fjármálaeftirlitsins að skuldabréfaflokkurinn uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar væru til töku til viðskipta. Hinn

14. nóvember 2013 var sagt frá því að stofnunin hefði ákveðið að heimila aftur viðskipti með skuldabréfaflokkinn FAST-1 12 1 á Nasdaq OMX Iceland hf. í ljósi þess að óvissu varðandi veðsetningu skuldabréfanna hefði verið aflétt.

Innleiðing og notkun á tölvuskýjum

Fjármálaeftirlitið bauð eftirlitsskyldum aðilum til kynningar þann 21. nóvember 2013 þar sem farið var yfir atriði sem vert væri fyrir þá að hafa í huga við innleiðingu og notkun á tölvuskýjum. Fyrirlesarar voru fulltrúar frá Syndis slf. sem er ráðgjafarfyrtæki á sviði upplýsingaöryggis.

Heimild til að fara með virkan eignarhlut

Um miðjan nóvember 2013 birti Fjármálaeftirlitið frétt þess efnis að það hefði veitt Sænesi ehf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Höfðhverfinga.

Inkasso fær innheimtuleyfi

Fjármálaeftirlitið veitti þann 2. desember 2013 Inkasso ehf. innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulegum nr. 95/2008.

Kynning undirbúningstilmæla EIOPA vegna Solvency II tilskipunarinnar

Fjármálaeftirlitið hélt kynningarfund 29. nóvember 2013 fyrir váttryggingafélög og endurskoðunarstofur um svokölluð undirbúningstilmæli EIOPA vegna Solvency II tilskipunarinnar. Um var að ræða framhald af kynningarfundum sem Fjármálaeftirlitið hafði haldið í maí 2013 þegar tilmælin voru fyrst kynnt á meðan þau voru í umsagnarferli hjá hagsmunaaðilum.

Til áréttingar um rannsóknir Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið birti 10. desember 2013 frétt á heimasíðu sinni í tilefni athugasemda sem gerðar höfðu verið við rannsóknir Fjármálaeftirlitsins. Þar stóð meðal annars: „Reglulega hafa komið fram umræður í fjölmiðlum um að Fjármálaeftirlitið hafi farið offari í störfum sínum eftir hrun, einkum varðandi rannsóknir á meintum brotum þeirra sem réðu ríkjum í bankakerfinu í aðdraganda hrunsins. Sýna verður því skilning að menn sem eru sakaðir um að hafa stuðlað að þeim atburðum sem hér urðu haustið 2008, neyti allra leiða til að verja sig og sinn málstað, enda meginregla að sakaðir menn hafa leyfi til að verja sig með nánast öllum tiltækum ráðum.“ Fjármálaeftirlitið sagðist í þessu sambandi vilja ítreka að starfsfólk Fjármálaeftirlitsins hefði unnið af miklum heilindum að rannsóknnum vegna atburða í aðdraganda hrunsins og skilað af sér mörgum kærnum og vísunum til Sérstaks saksóknara, en það væri eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum. Sérstakur saksóknari hefði síðan það hlutverk að rannsaka frekar og taka ákvörðun um framhald mála. Fyrir lægi að mörg þeirra mála sem Fjármálaeftirlitið sendi Sérstökum saksóknara hefðu orðið að dómsmálum. Þá hefðu bæði dómstólar og umboðsmaður Alþingis staðfest margt af því sem komið hefði frá Fjármálaeftirlitinu. Það væri þó ljóst að Fjármálaeftirlitið væri ekki óskekult og dómur hefðu í einhverjum tilvikum fallið stofnuninni í óhag. Slík tilvik væru skoðuð með það í huga að læra af þeim og fara að þeim fordæmum sem þar væru gefin.

Reglugerð um lykilupplýsingar fyrir hlutdeildarskírteinishafa

Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því þann 11. desember 2013 að reglugerð um lykilupplýsingar nr. 983/2013 hefði verið birt í Stjórnartíðindum þann 6. nóvember 2013 en reglugerðin tæki gildi þann 1. febrúar 2014. Reglugerðin er innleiðing á reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir hlutdeildarskírteinishafa og skilyrði sem þarf að uppfylla þegar lykilupplýsingar eða útboðslýsing er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri.

Viðvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar vegna sýndargjaldeyrís

Seinni hluta desember 2013 sagði Fjármálaeftirlitið frá viðvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) vegna sýndargjaldeyrís (e. virtual currencies) eins og t.d. bitcoin. EBA hafði bent á að í viðskiptum með bitcoin nyttu neytendur ekki þeirrar verndar sem fælist í eftirliti með fjármálastarfsemi og lagaumhverfi um viðskipti með fjármálagerninga. Þar af leiðandi kynni að vera hættu á því að neytendur töpuðu fjármunum sínum. Bent var á að EBA ynni nú að mati á viðeigandi þáttum sýndargjaldeyrís með tilliti til þess hvort mögulegt og æskilegt væri að fjalla sérstaklega um slíkt í löggjöf, þ.á m. með tilliti til eftirlits.

Nýr stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins

Halla Sigrún Hjartardóttir var skipuð stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins af fjármála- og efnahagsráðherra í lok desember 2013 en hún tók við formennskunni af Aðalsteini Leifssyni.

Samstarf Lagastofnunar og Fjármálaeftirlitsins

Um miðjan janúar 2014 var sagt frá því að Lagastofnun Háskóla Íslands og Fjármálaeftirlitið hefðu tekið upp samstarf í þeim tilgangi að efla rannsóknir á sviði fjármálaréttar. Samkvæmt samningnum hefur Lagastofnun ráðið Arnald Hjartarson, lögfræðing og LLM, í fullt starf sérfræðings til að sinna rannsóknum í fjármálarétti, þ.m.t. á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila. Auk þess er samkvæmt samningnum gert ráð fyrir að haldin verði námskeið og fræðafundir fyrir starfsfólk Fjármálaeftirlitsins í tengslum við þau rannsóknaverkefni sem unnið er að á hverjum tíma og ákveðin eru sameiginlega af samningsaðilum. Kveður samningurinn á um styrk til Lagastofnunar um tæpar átta milljónir króna á ári í tvö ár eða í heild um 16 milljónir króna á samningstímanum.

Skilgreining lögaðila sem aðila fjárhagslega tengda innherja

Fjármálaeftirlitið birti 17. janúar 2014 túlkun með yfirskriftinni: Skilgreining lögaðila sem aðilar fjárhagslega tengdir innherja. Í túlkuninni var vakin athygli á skilgreiningu fjárhagslega tengdra aðila, nánar tiltekið lögaðila sem stjórnað er beint eða óbeint af innherja eða öðrum aðilum fjárhagslega tengdum innherja.

Samruni Auðar Capital og Virðingar samþykktur

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 17. janúar 2014 samruna Auðar Capital hf. og Virðingar hf. á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við samrunann tók Virðing hf. við öllum réttindum og skyldum Auðar Capital hf. og voru félögin sameinuð undir nafni Virðingar hf.

Fjallað um stöðu European Risk Insurance Company

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum 6. febrúar 2014 þess efnis að vefmiðlar í Bretlandi hefðu þá um morguninn fjallað um stöðu European Risk Insurance Company hf. (ERIC), en það væri íslenskt váttryggingafélag sem stundaði starfsemi erlendis, og sagt að félagið hefði hætt sölu nýtrygginga. Fjármálaeftirlitið sagðist telja rétt að fram kæmi að ákvörðun um stöðvun á sölu nýtrygginga ERIC hefði verið tekin á stjórnarfundum félagsins þann 4. febrúar 2014 og tilkynnt samstarfsaðilum deginum áður. Tekið var fram að Fjármálaeftirlitið fylgdist með starfsemi og stöðu ERIC og ætti í samskiptum við félagið í samræmi við lög.

Starfsleyfi European Risk Insurance Company afturkallað

Fjármálaeftirlitið afturkallaði hinn 12. febrúar 2014 starfsleyfi ERIC hf. sem váttryggingafélags þar sem félagið fullnægði ekki ákvæðum laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, um gjaldþol og hafði afsalað sér starfsleyfi sínu sem váttryggingafélag, sbr. 1. mgr. 90. gr. sömu laga. Þá skipaði Fjármálaeftirlitið félaginu skilastjórn samkvæmt 91. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Nýjar reglur um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 18. febrúar 2014 að stofnunin hefði gefið út nýjar reglur nr. 165/2014 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum sem leystu af hólmi fyrri reglur um sama efni.

Alþjóðleg ráðstefna um lífeyrismál

Fjármálaeftirlitið og Landssamtök lífeyrissjóða efndu ásamt Alþjóðasamtökum eftirlitsstjórnvalda lífeyrissjóða (IOPS) og Alþjóðasamtökum eftirlitsstjórnvalda váttryggingafélaga (IAIS) til ráðstefnu þann 28. febrúar 2014 undir yfirskriftinni: Regulatory and Supervisory Challenges for the Icelandic Pension Industry. Ráðstefnuna sóttu um 120 manns og þar af um 50 erlendir gestir. Meðal efnis má nefna: Áskoranir á lífeyrismarkaði, vaxandi skuldbindingar vegna aukinnar ævilengdar og erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða. Daginn áður fór fram árlegur fundur tækninefndar IOPS en Fjármálaeftirlitið var gestgjafi fundarins að þessu sinni. IOPS vinnur þétt með OECD að ýmsum stefnumarkandi málum tengdum lífeyrissjóðum sem voru til umfjöllunar á þessum fundi.

Fjármálaeftirlitið setur leiðbeinandi tilmæli um stórar áhættuskuldbindingar

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í byrjun mars 2014 að stofnunin hefði sett leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2014 um mat á tengslum aðila vegna reglna um stórar áhættuskuldbindingar.

Nýjar leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins vegna eigin áhættu- og gjaldþolsmats váttryggingafélaga (ORSA)

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt hinn 10. mars 2014 að stofnunin hefði gefið út nýjar leiðbeiningar um framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats váttryggingafélaga (ORSA) sem vistaðar væru undir: Þjónustugátt – leiðbeiningar og gátlistar.

Aðvörðun til almennings um sýndarfé (e. virtual currencies)

Fjármálaeftirlitið birti 19. mars 2014 frétt með aðvörðun til almennings um sýndarfé. Þar sagði meðal annars: „Í tilefni af fréttum af fyrirhugaðri úthlutun sýndarfjár til Íslendinga (Auroracoin) vara íslensk stjórnvöld við hugsanlegri áhættu tengdri kaupum, varðveislu á eða viðskiptum með slíkt.“ Undir aðvörðunina skrifuðu ásamt Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanki Íslands, Neytendastofa, fjármála- og efnahagsráðuneytið og innanríkisráðuneytið, sem jafnframt sendu frá sér aðvörðun.

Ný leiðbeinandi tilmæli um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila

Hinn 21. mars 2014 var sagt frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að gefin hefðu verið út ný leiðbeinandi tilmæli um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

Túlkun um viðurkenningu markaða

Fjármálaeftirlitið birti hinn 8. apríl 2014 túlkun um viðurkenningu markaða. Túlkunin fjallar um hvaða markaði Fjármálaeftirlitið viðurkennir og hvaða markaðir teljast viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan skv. lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og skv. lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Nýjar reglur um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja

Hinn 11. apríl 2014 sagði frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að í Stjórnartíðindum hefðu í upphafi mánaðarins birst reglur nr. 322/2014 um tryggilega varðveislu fjármuna rafeyrisfyrirtækja og reglur nr. 323/2014 um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana. Með reglunum væri afmarkað með hvaða hætti varðveita skyldi fjármuni sem rafeyrisfyrirtæki og greiðslustofnanir veittu viðtöku, sem og hvaða fjárfestingar væru heimilar með þeim fjármunum.

Ný gagnsæisstefna samþykkt

Þann 16. apríl 2014 samþykkti stjórn Fjármálaeftirlitsins nýja stefnu um framkvæmd opinberrar birtingar á niðurstöðum í málum og athugunum, skv. 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stefnan gengur undir nafninu Gagnsæisstefna Fjármálaeftirlitsins.

3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2013 til aprílloka 2014

- 8. maí 2013:** Eftirfylgni vegna athugunar á tilteknum þáttum í starfsemi Arctica Finance hf.
- 15. maí 2013:** Niðurstöður athugunar hjá Lýsingu hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- 17. maí 2013:** Niðurstaða heildarathugunar hjá Lífeyrissjóði bænda
- 22. maí 2013:** Niðurstöður athugunar hjá Borgun hf. á tilteknum þáttum er varða aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- 31. maí 2013:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Almenna lífeyrissjóðsins til einstaklinga
- 6. júní 2013:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til einstaklinga
- 12. júní 2013:** Niðurstöður athugunar á lánveitingum Sameinaða lífeyrissjóðsins til einstaklinga
- 14. júní 2013:** Niðurstöður athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Íslandsbanka hf.
- 24. júní 2013:** Athugun á tjónsuppgjöri hjá Vátryggingafélagi Íslands hf.
- 25. júní 2013:** Eftirfylgni vegna athugunar Fjármálaeftirlitsins á starfsemi Stafa lífeyrissjóðs
- 26. júní 2013:** Eftirfylgni vegna heildarathugunar Fjármálaeftirlitsins hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja
- 1. júlí 2013:** Niðurstaða athugunar á starfsemi GAM Management hf.
- 2. júlí 2013:** Niðurstaða athugunar á útlánnum Tryggingamiðstöðvarinnar hf.
- 2. júlí 2013:** Stjórnvaldssekt vegna brota gegn 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti
- 9. júlí 2013:** Niðurstaða athugunar á tengingum stórra áhættuskuldbindinga hjá Arion banka hf.
- 25. júlí 2013:** Sáttargerð vegna brots á 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 21. ágúst 2013:** Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 21. ágúst 2013:** Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 26. ágúst 2013:** Eftirfylgni vegna heildarathugunar Fjármálaeftirlitsins hjá Lífeyrissjóði bænda
- 27. ágúst 2013:** Sáttargerð vegna brots á 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 27. ágúst 2013:** Sáttargerð vegna brots á 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 29. ágúst 2013:** Niðurstaða athugunar á framkvæmd breytinga á hjónalíftryggingum hjá Líftryggingafélagi Íslands hf.
- 9. sept. 2013 :** Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf.
- 18. sept. 2013:** Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 18. sept. 2013:** Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 20. sept. 2013:** Stjórnvaldssekt vegna brots HS Orku hf. gegn 2. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 25. sept. 2013:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til einstaklinga
- 30. sept. 2013:** Niðurstöður athugunar hjá Straumi fjárfestingabanka hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

- 1. okt. 2013:** Stjórnvaldssektir vegna brota nokkurra einstaklinga gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 14. okt. 2013:** Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 29. okt. 2013:** Athugun á starfsháttum Dróma hf. í tengslum við afturköllun endurútreiknings og afléttingu veðbanda
- 11. nóv. 2013:** Niðurstaða athugunar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á þjónustubætti félagsins; STOFNI
- 12. nóv. 2013:** Sáttargerð vegna innheimtustarfsemi Dróma hf.
- 18. nóv. 2013:** Sáttargerð vegna brots á 125. og 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 19. nóv. 2013:** Niðurstöður athugunar á lánasafnsskýrslu (LPA) Íslandsbanka hf.
- 26. nóv. 2013:** Sáttargerð vegna brots á 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 17. des. 2013:** Niðurstaða úttektar á áhættustýringu váttryggingafélaga
- 20. des. 2013:** Gagnsæistilkynning vegna athugunar á viðskiptaháttum Lýsingar hf. í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012
- 9. jan. 2014:** Sáttargerð vegna brots á 2. mgr. 68. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 13. jan. 2014:** Niðurstöður athugunar hjá MP banka hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- 13. jan. 2014:** Niðurstöður athugunar hjá Valitor hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- 14. jan. 2014:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Festu lífeyrissjóðs til einstaklinga
- 14. jan. 2014:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Stafa lífeyrissjóðs til einstaklinga
- 20. jan. 2014:** Niðurstaða athugunar á fjárfestingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga
- 24. jan. 2014:** Niðurstaða athugunar á útlánastarfsemi MP banka hf.
- 19. febr. 2014:** Eftirfylgni vegna athugunar á lánasafnsskýrslu (LPA) Íslandsbanka hf.
- 13. mars 2014:** Niðurstaða athugunar á starfsemi Virðingar hf.
- 31. mars 2014:** Stjórnvaldssekt vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti

3.3. Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2013 til aprílloka 2014

Fjármál, vefrit Fjármálaeftirlitsins sem skrifað er af sérfræðingum stofnunarinnar, er nú komið á þriðja útgáfuár. Ritinu hefur verið vel tekið og hefur talsvert verið vitnað í það í fjölmiðlum. Öll eintök Fjármála er hægt að nálgast á vef Fjármálaeftirlitsins undir flípanum útgefið efni – vefrit FME. Hér má sjá yfirlit yfir efni sem hefur birst í blaðinu á tímabilinu 1. maí 2013 til aprílloka 2014.

Fjármál í ágúst 2013

Eru fjárfestingarsjóðir að rétta úr kútnum?

Kristján Andrésson, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti

CRD IV og fleiri lagabreytingar á evrópskum fjármálamarkaði í nálægri framtíð

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, lögfræðingur á eftirlitssviði

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar og aðkoma Íslands

Sigurður Freyr Jónatansson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Fjármál í nóvember 2013

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Arnar Jón Sigurgeirsson, sérfræðingur á eftirlitssviði

Hækkandi lífaldur – auknar skuldbindingar lífeyrissjóðanna

Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur á greiningasviði

Staða íslenska bankakerfisins í samanburði við bankakerfi á meginlandi Evrópu

Kristján Ólafur Jóhannesson, sérfræðingur á greiningasviði

Nokkur lykilatriði úr Basel III sett í samhengi við CRD IV

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, lögfræðingur á eftirlitssviði

Fjármál í febrúar 2014

Breytingar á eiginfjárreglum með samevrópsku regluverki – eiginfjárauvar

Arnar Þór Sæþórsson, lögfræðingur á greiningasviði

Breytingar framundan á verðbréfamarkaði

Páll Friðriksson, forstöðumaður verðbréfamarkaðseftirlits

Eru tölvuský hagkvæm lausn fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði?

Stella Thors, sérfræðingur á upplýsingatækni- og viðurkaðum

4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	2010	2011	2012	2013
<i>Starfsleyfis skyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>					
Viðskiptabankar		5	5	4	4
Sparisjóðir		12	10	9	8
Lánafyrirtæki		8	8	6	6
Íbúðalánasjóður		1	1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		12	13	11	10
Verðbréfamiðlanir		3	2	2	2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	8	9	10	9
Fagfjárfestingsjóðir - lögaðilar			3	4	7
Kauphallir		1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1	1
Lífeyrissjóðir	2)	33	33	32	27
Vátryggingafélög		13	13	13	13
Vátryggingamiðlanir		6	6	11	11
Aðilar með innheimtuleyfi		6	4	4	5
Greiðslustofnanir				1	1
Tryggingarsjóðir		2	2	2	2
<i>Samtals</i>		<i>112</i>	<i>112</i>	<i>113</i>	<i>109</i>
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>					
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	49	56	56	57
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	21	24	28	44
Fagfjárfestingsjóðir (ekki lögaðilar)	3)		28	43	63
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	19	18	15	14
Útgefendur skráðra hlutabréfa		11	12	15	18
Útgefendur skráðra skuldabréfa		49	47	49	57
Umboðsaðili erlendra greiðslustofnunar				1	1
Eignarhaldsfélög	5)	6	7	12	12
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		13	11	14	15
Alls		281	299	346	390

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.p.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Að frátöldum tveimur erlendum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar eru aðilar hér taldir einnig meðtaldir í fjöldatölum aðila ofar í töflunni.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og nr. 56/2010, í lok hvers árs. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

	30/6/10	30/6/11	31/12/12	31/12/13
Erlendir bankar án starfsstöðvar	225	222	224	239
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	47 (313)	47 (367)	53 (352)	56 (370)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	1.995	2.113	2.020	2.148
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	384	405	377	381
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5.025	5.158	4.990	5.030

